

# Mat á áhrifum framkvæmda á landslag

*Strandavegur (643) um Veiðileysuháls Kráká – Kjósará í Árneshreppi*





Unnið fyrir Vegagerðina

Hulda Birna Albertsdóttir

NV nr. 18-21

Mars 2021

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning:</b> Mars 2021
		<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 18-21	<b>Verknúmer:</b> 568	
<b>Heiti skýrslu:</b> Mat á áhrifum framkvæmda á landslag Strandavegur (643) um Veiðileysuháls Kráká – Kjósará í Árneshreppi		<b>Blaðsíður:</b> 40/71 með viðauka
		<b>Upplag:</b> 10
<b>Höfundur:</b> Hulda Birna Albertsdóttir		<b>Fjöldi korta:</b> 14
		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b> Lokaeintak
<b>Verkefnisstjóri:</b> Hulda Birna Albertsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina
<b>Lykilorð íslensk:</b> Sjónræn áhrif vegagerðar, landslag, umhverfi, verndarsvæði.		<b>Lykilorð ensk:</b> Visual impact of road, landscape, environment, protected areas.
<h2>ÚTDRÁTTUR</h2> <p>Vegagerðinni hefur verið falið að breyta legu Strandavegar (643) um Veiðileysuháls á kafla sem nær frá Kráká í Veiðileysufirði að Kjósará í Kjósarvík í Árneshreppi í Strandasýslu. Um er að ræða nýjan og endurbyggðan veg á hluta <b>Strandavegar (643)</b> sem verður 11,8 km langur. Hann verður lagður í staðinn fyrir 11,6 km langan veg, sem hefst tæplega 0,6 km austan við ána Kráká í Veiðileysufirði.</p> <p>Vegagerðin fékk Náttúrustofu Vestfjarða til að leggja mat á verndargildi eða verðmæti svæðisins sem verður fyrir áhrifum af lagningu nýrrar <b>veglínu 708</b> um svæðið og kanna möguleg áhrif framkvæmda á landslag og sjónræna þætti.</p> <p>Aðferðin sem stuðst er við í þessu verkefni er samsett úr margskonar aðferðarfræðum með mismunandi áherslum. Framkvæmdarsvæðið nær yfir nokkuð stórt landsvæði með ólíkum landslagsþáttum svo því var skipt upp í fimm minni svæði til greininga.</p> <p>Niðurstöður mats á áhrifum framkvæmdanna á landslag og sjónræna þætti eru að framkvæmdin hefur <b>óveruleg</b> áhrif en <b>talsverð neikvæð</b> áhrif í Veiðileysufirði og á ströndina í Reykjarfirði.</p>		
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b>		<b>Yfirfarið af:</b> Helga Aðalgeirsdóttir (VG)
		

**EFNISYFIRLIT**

ÚTDRÁTTUR .....	2
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐIR OG VIÐMIÐ.....	4
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ .....	8
3.1 Staðhættir.....	9
3.2 Svæðaskipting.....	11
3.3 Friðun og verndarákvæði.....	11
3.4 Efnistökusvæði, vinnubúðir og haugsvæði .....	13
4. GREININGAR SVÆÐA OG ÁHRIF FRAMKVÆMDA.....	13
4.1 Svæði 1 .....	13
4.2 Svæði 2 .....	16
4.3 Svæði 3 .....	19
4.4 Svæði 4 .....	21
4.5 Svæði 5 .....	25
5. Niðurstöður viðhorfskönnunar.....	28
6. NIÐURSTÖÐUR ÁHRIFA .....	32
6.1 Helstu mótvægisáðgerðir .....	33
7. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT .....	35
8. Heimildaskrá.....	37
9. Korta, mynda og þrívíddarmyndaskrá .....	39
9.1 Kort .....	39
9.2 Myndir .....	39
9.3 Þrívíddarmyndir .....	40
Viðauki 1. Samantektir á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæðum 1 – 5. ....	41
Viðauki 2. Viðmið sem notuð voru við greiningu á gildi landslags.....	44
Viðauki 3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa á landslag og sjónræna þætti. ....	45
Viðauki 4. Viðhorfskönnun. ....	47
Viðauki 5. Myndir í viðhorfskönnun. ....	60
Viðauki 6. Myndir af svæðum í viðhorfskönnun.....	64
Viðauki 7. Sýnileikakort Mannvits. ....	71

## 1. INNGANGUR

Vegagerðinni hefur verið falið að breyta legu **Strandavegar (643)** um Veiðileysuháls á kafla sem nær frá Kráká í Veiðileysufirði að Kjósará í Kjósarvík í Árneshreppi. Um er að ræða nýjan og endurbyggðan veg sem verður 11,8 km langur. Hann verður lagður í staðinn fyrir 11,6 km langan veg, sem hefst tæplega 0,6 km austan við ána Kráká í Veiðileysufirði. Tillaga að matsáætlun var gerð í apríl 2020 [9].

Vegagerðin fékk Náttúrustofu Vestfjarða til að leggja mat á verndargildi eða verðmæti svæðisins sem verður fyrir áhrifum af lagningu nýrrar **veglinu 708** um svæðið og kanna möguleg áhrif framkvæmda á landslag og sjónræna þætti. Matið er hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar. Ekki hafa áður átt sér stað þess háttar greiningar á svæðinu svo vitað sé til, en Náttúrustofan hefur metið landslag áður á Vestfjörðum vegna vegagerðar Vestfjarðavegar (60), milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði (2011) [14], frá Bjarkalundi að Melanesi í Reykhólahreppi (2016) [11] og vegna vegagerðar Vestfjarðavegar (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63) (2019) [12].

## 2. AÐFERÐIR OG VIÐMIÐ

Markmið verkefnisins var tvískipt. Annarsvegar að reyna að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis og meta verndargildi þess. Hins vegar að varpa ljósi á helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag og sjónræna þætti. Aðferðin sem stuðst var við í þessu verkefni var samsett úr margskonar aðferðum með mismunandi áherslum [11, 14, 21, 22, 34, 35]. Þá var einnig litið til viðmiða sem starfshópur Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar lögðu til að notuð yrðu við mat á verðmæti landslags [26] og flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir á Íslandi [2] sem var verkefni Eflu í samstarfi við Land Use Consultants í Skotlandi. Þar var unnið fyrir Skipulagsstofnun á kortlagningu og lýsingu helstu landslagssvæða á landsvísu.

Vettvangsferð var farin þann 24. Ágúst 2020. Í vettvangsferðinni voru teknar ljósmyndir af landslagi í og við núverandi og fyrirhugað vegstæði. Í vettvangsferðinni var áhrifasvæði framkvæmdarinnar greint ásamt því að ákvörðuð var skipting svæða út frá landslagsheildum. Ásýnd landsins var metin og henni lýst m.a. út frá **heildaryfirbragði og megin þekju** og sérstök fyrirbæri eða **stök** voru skráð. Útsýni var lýst út frá útsýnis- eða þekktum ferðamannastöðum. Ásýnd lands skapast af samspili ótal þátta, manngerðra og náttúrulegra, sem gefa því margskonar gildi. Víða geymir landslag í sér heimildir um forna sögu, athafnir og atburði en fjallað er um þær minjar sem fundust undir liðnum **sérstakt mikilvægi** án þess að lagt sé mat á verndargildi þeirra. Sérstök umfjöllun er um allar fornminjar á svæðinu í skýrslu

Fornleifastofnunar Íslands [24] og mat á áhrifum framkvæmdanna á þær. Eftirfarandi skilgreiningar voru notaðar fyrir hvern þátt matsins:

- ✎ **Heildaryfirbragð og megin þekja.** Greining á eðlisrænum þáttum landslags, svo sem útliti, landformum, vatnafari, gróðri, legu landsins, útsýni og eðli svæðisins í heild sinni. Skoðað var hvort svæðið hefði náttúrulegt yfirbragð eða væri litað af áhrifum mannsins. Auk þess voru gerð skil á huglægri upplifun, ástandi landslags, búsetu og göngu- og reiðleiðum á hverju svæði fyrir sig.
- ✎ **Stök.** Áberandi staðir eða fyrirbæri sem skáru sig úr landslagsheildinni vegna sérstöðu sinnar.
- ✎ **Sérstakt mikilvægi.** Landslag með sérstaka merkingu fyrir heimamenn eða samfélagið í heild t.d. vegna sögulegs eða menningarlegs bakgrunns. Staðir sem teljast mikilvægir vegna útsýnis.

Greindir voru landslagsþættir og eiginleikar hvers svæðis fyrir sig (*viðauki 1*). Út frá þeim þáttum var landslaginu gefið gildi út frá **fjölbreytni, heildstæði/samfeldni** og **mikilfengleika/upplifun**. Í matinu var hverju svæði gefið hátt, miðlungs eða lágt gildi. Viðmið sem notuð voru við greiningu á gildi landslags má finna aftast í skýrslunni (*viðauki 2*).

Við mat á **verndargildi** og viðkvæmni landslagsins var auk ofangreindra þátta litið til lögbodinnar verndunar [17, 25], stefnumarkana [31], sáttmála [5], friðlýsinga og stöðu svæðisins samkvæmt skipulagi [1, 27]. Vísbendingar um það má finna í náttúruminjaskrá [32, 33] þar sem m.a. eru tiltekin þau svæði sem friðuð hafa verið, eða ástæða þykir til að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Þau svæði má einnig finna í kortasjá Náttúrufræðistofnunar sem sýnir svæði sem eru undir sérstakri vernd 61. greinar náttúruverndarlaga [17, 20], auk gróðurs og vistgerðalýsinga Náttúrustofu Vestfjarða [8].

Við mat á sjónrænum áhrifum var, auk gagna sem safnað var á vettvangi og í viðhorfskönnun, stuðst við veglínur, þversnið, loftmyndir og tölvugerðar þrívíddarmyndir. Við greiningu á hugsanlegum áhrifum var umfang mannvirkis, áhrif á landslag og sjónræn áhrif metin í þrjá flokka: *óveruleg, miðlungs* og *veruleg* (*viðauki 3*). Við greiningu á sjónrænum áhrifum var tekið tillit til heildarmyndar allra landslagsþátta sem og þeirra áhrifa sem fyrirhuguð framkvæmd gæti komið til með að hafa á útsýni frá ákveðnum útsýnispunktum sem voru taldir mikilvægir. Notast var við sýnileikakort sem gert var fyrir framkvæmdina á vegum Mannvits (*viðauki 7*). Í niðurstöðum um heildarvægi áhrifa á landslag og sjónræna þætti er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar [26] um mat á umhverfisáhrifum og notast við hugtök sem flokka áhrif eftir styrk og mikilvægi þeirra (tafla 1) ásamt því að fylgja leiðbeiningum laga [15, 19]. Gerð var viðhorfskönnun meðal íbúa og eigenda sumarhúsa í og við framkvæmdarsvæðið (*viðauki 4*) og voru niðurstöður hennar nýttar í þessari vinnu. Svarendur voru beðnir um að koma könnuninni einnig til annarra eigenda sem ekki var rætt við. Könnunin var birt á vefnum og innihélt spurningar sem varða ástand og ásýnd landslagsins og áhrif framkvæmdanna á það ásamt sjónrænum áhrifum þeirra. Þar var

Íbúum og sumarhúsaeigendum sýndar myndir frá stöðum þar sem mögulegt er að sjónrænna áhrifa munu gæta vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og þeir fengnir til að meta ástand landslagsins, þau svæði sem þau teldu mest notuð og höfðu mesta og minnsta gildi vegna landslagsins og svo vegna útsýnis. Þar voru þau einnig beðin um að meta hvaða svæði væru viðkvæm fyrir breytingum og svo að meta hversu mikil áhrif vegaf framkvæmdir að þeirra mati hefðu á framkvæmdarsvæðið. Þau svör voru notuð inn í mat á fyrrgreindum þáttum og til að fá fram sjónarmið þeirra sem nota svæðið á landslagið og ásýnd áður og eftir fyrirhugaðar framkvæmdir. Kort voru gerð af skýrsluhöfundi nema annað sé tekið fram og loftmyndir eru í eigu Loftmynda ehf með leyfi frá Vegagerðinni.

Tafla 1. Skilgreiningar á einkunnagjöf fyrir heildarvægi hugsanlegra áhrifa [26].

Vægis-einkunn	Skýring
<b>Veruleg jákvæð</b> (+2)	<ul style="list-style-type: none"> <li> Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði.</li> <li> Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg.</li> <li> Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li> Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>
<b>Talsverð jákvæð</b> (+1)	<ul style="list-style-type: none"> <li> Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li> Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks.</li> <li> Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf.</li> <li> Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li> Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>
<b>Óveruleg</b> (0)	<ul style="list-style-type: none"> <li> Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum.</li> <li> Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.</li> <li> Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin.</li> <li> Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>
<b>Talsverð neikvæð</b> (-1)	<ul style="list-style-type: none"> <li> Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li> Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum.</li> <li> Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf.</li> <li> Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li> Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul>
<b>Veruleg neikvæð</b> (-2)	<ul style="list-style-type: none"> <li> Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks.</li> <li> Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf.</li> <li> Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li> Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul>
<b>Óvissa (?)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li> Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.</li> </ul>



### 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði tilheyrir Árneshreppi og nær áhrifsvæðið frá Krákármel í Veiðileysufirði að Kjósará í Reykjarfirði á Vestfjörðum. Leiðin er 11,8 km löng og er 200 m lenging á Strandavegi. Kort 1 sýnir staðsetningu veglínu 708 [9].



Kort 1. Framkvæmdarsvæðið. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.

Núverandi vegur um Veiðileysuháls sem fyrirhugað er að breyta hefst við Krákármel í botni Veiðileysufjarðar og fer svo upp eftir Tvíhlíð undir Miðdegisfjalli og í hálfhring upp á Veiðileysuháls, þar sem hann fer hæst í tæplega 250 m.y.s. Vegakaflinn flokkast sem tengivegur og því er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m út til beggja vegu [9]. Nýr vegur um svæðið lendir oftast innan veghelgunarsvæðis en þar sem eru mjög háar fyllingar eða miklar skeringar getur framkvæmdasvæðið náð út fyrir það. Einnig eru sum þeirra námusvæða sem til athugunar eru, utan veghelgunarsvæðis og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir veghelgunarsvæðið til að geyma efni tímabundið. Samkvæmt Vegagerðinni verður allt rask utan veghelgunarsvæðis í samráði við landeigendur og verður reynt að halda stærð framkvæmdasvæðisins í lágmarki [9].



### 3.1 Staðhættir

Firðirnir tveir, Reykjarfjörður og Veiðileysufjörður snúa austur út í Húnaflóa og liggja fremur samsíða, en Reykjarfjörður töluvert lengri en Veiðileysufjörður. Samkvæmt landslagsflokkun Íslands flokkast landslag svæðisins sem: „bröngir og jökulsorfnir firðir, fjallendi og inndalir þar sem undirlendi er fremur lítið og upp af fjarðabotnum ganga brött fjöll“ [2].



Mynd 1. Veiðileysufjörður. Mynd: NAVE/HBA.

#### Veiðileysufjörður

Veiðileysufjörður, stundum nefndur Veiðileysa er stuttur og þröngur fjörður sem skerst upp í landið milli Byrgisvíkurfjalls og Kambs (mynd 1). Fjörðurinn er um 6 km að lengd að Birgisvík og er hann nokkuð djúpur, en grynningar eru fyrir fjarðamynninu sem kallast Byrgisvíkurrif eða Veiðileysurif [9]. Hann er umlukinn hamrafjöllum og snarbröttum skriðuhlíðum en undirlendi er þó í fjarðabotninum og hækkandi hjallar út með firðinum að norðanverðu [13]. Í firðinum voru þrjár bæir: Byrgisvík yst, Kambur þar á mótí og bærinn Veiðileysa [13]. Þeir eru allir farnir í eyði núna og fór Veiðileysa síðust í eyði 1961 [4]. Veiðileysa er notuð sem sumarhús.




Mynd 2. Reykjarfjörður, séð til austurs. Mynd: NAVE/HBA.

#### Reykjarfjörður

Reykjarfjörður er staðsettur norðan Veiðileysufjarðar, milli Reykjafjarðarkambs að sunnan og Gjögurs að norðan. Hann er lengstur fjarðanna á ströndum eða rúmir 13-14 km og um 3 km á breidd [13]. Há fjöll umlykja fjörðinn og er undirlendi mjög lítið, mest í fjarðabotninum og í kring um Gjögur. Kúvíkur, hinn forni verslunarstaður er staðsettur um miðja suðurströnd Reykjafjarðar en Kúvíkur er heiti á litlum vikum

sem þar eru fyrir neðan. Upp af víkunum er grösugur hvammur í halla á móti norðri og markast hann af Búðará að vestanverðu en klettabelti að sunnan og austan. Þessi hvammur er líklega einn allra besti búsældarstaðurinn í sunnanverðum Reykjavíri. Þar byggðist upp verslunarstaðurinn þegar einokun komst á 1602 og var rekinn búskapur jafnhliða verslun þar eftir að einokuninni var aflétt 1787 [3]. Búið var á Kúvíkum til 1949 en þá fluttist byggðin innar í fjörðinn, á Djúpavík [1, 3]. Þar eru nú tveir sumarbústaðir; Grundin, frá árinu 2002 og Nátthagi frá árinu 2017 [9]. Innan við Búðarána er Sandvík og sem nær að Langatanga og innan við hann, vík sem nefnist Nátthagi og enn innar Stekkjarvík [4].

Djúpavík er staðsett undir háum klettahjalla sem kallast Lægribrún. Allmiklu ofar er Hærribrún og upp af henni Háfellshjallar og síðan Háfell, sem er mikið hamrafjall, um 783 m á hæð á norðurbrún Trékyllisheiðar [3]. Innan við Djúpavík er allhátt melholt sem nefnist Höfði og innan með honum sléttar sjávargrundir en í víkinni sjálfri er nær ekkert undirlendi fyrir utan þar sem byggðin stendur. Flest önnur hús í þorpinu standa í halla út frá austurhlið Höfðans. Djúpavíkurá fellur niður með húsunum að utanverðu og er venjulega vatnslítil en fellur í fossi fram af Lægribrún (mynd 3).




Mynd 3. Djúpavík og fossinn í Djúpuvíkurá. Mynd: NAVE/HBA.

Á Djúpavík var fyrst atvinnustarfsemi árið 1917 en þá var reist síldarsöltunarstöð og stendur enn eitt húsanna sem voru reist þá. Sumarið 1934 var síðan reist fullkomnasta síldarbræðslan í Evrópu á þeim tíma og var þar brætt og saltað til ársins 1952 þegar verksmiðjunni var lokað og á svipuðum tíma hafði myndast þar lítið sjávarþorp [4]. Ein fjölskylda býr nú á Djúpavík yfir vetratímam [9].

Fyrir innan Djúpavík að botni Reykjarfjarðar, á milli Djúpavík og Kjósarvík er Kjósarhöfði og eyðijörðin Kjós innan við nesið. Kjósará fellur í gljúfri niður og síðan út um sléttlendið vestan við eyðibýlið á Kjósi til sjávar.

### 3.2 Svæðaskipting

Áætlað framkvæmdarsvæði nær yfir landsvæði með ólíkum landslagsþáttum. Því var þess vegna skipt upp í fimm minni svæði út frá landslagheildum og greiningu á landslagsþáttum. Sem voru sem dæmi fjöll, ár, jarðfræðilegir þættir sem og áberandi skil í landslagi, landnotkun og gróðri. Við skiptinguna var einnig horft til sjóndeildarhrings. Notuð voru stöðvanúmer í veglinu (kort 2, tafla 2) til aðgreiningar.



Kort 2. Skipting framkvæmdarsvæðis í fimm svæði. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.

Tafla 2. Skipting framkvæmdarsvæðis í fimm svæði.

Svæði	Upphaf (stöð)	Endir (stöð)	Lengd kafla (m)	Örnefni/heiti
Svæði 1 (1.1 & 1.2)	0	4100	4.100	Kráká – Veiðileysuháls
Svæði 2	4100	5900	1.800	Veiðileysuháls – Kúvíkurdalur
Svæði 3	5900	7100	1.200	Kúvíkurdalur – Stekkjarvík
Svæði 4 (4.1 & 4.2)	7100	9900	2.800	Stekkarvík – Djúpvík
Svæði 5	9900	11800	1.900	Djúpvík – Kjósarvík

### 3.3 Friðun og verndarákvæði

Hugtakið landslag er skilgreint í skipulagslögum [25] og náttúrverndarlögum [17] og skilgreinir Evrópski landslagssáttmálinn [5] það: „svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem tilkomin eru vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“ [35]. Landslag tekur þannig til daglegs



umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.

Núverandi vegur liggur um svæði sem skráð er undir önnur svæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði er í grennd [1]. Auk þess er Ísland aðili að ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem þarf að uppfylla, t.d. samningi um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 [30] og Bernarsamningi sem fjallar um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu [29].

### **Verndarákvæði í náttúruverndarlögum**

Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar eða rústamýrar 20.000 m<sup>2</sup> að flatamáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir 10.000 m<sup>2</sup> eða stærri eru vernduð með lögum um náttúruvernd [17, 20]. Auk þess sjávarfitjar og leirur ásamt sérstæðum og vistfræðilega mikilvægum birkiskógum og leifum þeirra. Fossar og nánasta umhverfi þeirra eru verndaðir að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

### **Svæði á náttúruminjaskrá**

Veiðileysa og Kaldbaksdalur er skráð undir önnur svæði nr. 327 í náttúruminjaskrá. Þar segir: (1) „Fjallendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals ásamt honum. Að sunnan ræður lína úr Kaldbakshorni um Sandfell að þríhyrningamælistað (674 m) suðvestan við Hveratungu, þaðan um Strýtu að Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn Veiðileysu. Fjörur, strandlengja og grunnsævi frá ósi Bæjarár í Veiðileysu að Brimnesi undan Kaldbakshorni. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag. Sjávarlón“ [32].

### **Hverfisvernd**

Í Kúvíkum er hverfisverndarsvæði en það er í nokkurri fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði [1].

### **Vatnsverndarsvæði**

Vatnsverndarsvæði er ofan Kjósarháls, milli Djúpavíkur og Kjósarvíkur en framkvæmdarsvæðið nær ekki inn á það [1].

### **Lög um menningarminjar**

Á svæðinu eru minjar sem njóta verndar með lögum um menningarminjar [16]. Nánar er fjallað um minjar og áhrif vegagerðar á þær í skýrslu Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur [24].

### 3.4 Efnistökusvæði, vinnubúðir og haugsvæði

Öll efnistaka er háð framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar [18]. Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir vegna vinnubúða og starfsemi sem fylgir efnistöku.

Útlínur náma eru sýndar á svæðakortum innan hvers svæðis en við mat á áhrifum var notast við skeringar og fyllingarlínur vegarins. Umfjöllun um námusvæði er að finna í skýrslu Stapa ehf jarðfræðistofu um jarðfræði og námur [28] og þar er að finna lýsingar á hverri námu fyrir sig. Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað. Staðsetning vinnubúða er ekki kunnug [9] þegar þessi skýrsla er rituð.

## 4. GREININGAR SVÆÐA OG ÁHRIF FRAMKVÆMDA

Fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að verða sýnilegar og hafa áhrif á upplifun allra sem eiga leið um svæðið, íbúa sem og á þá sem þar dvelja í frístundum. Bæði verður um að ræða tímabundin áhrif sem og varanleg. Hávaði frá stórum vinnuvélum og sprengingum, rykmengun og röskun á samgöngum eru dæmi um tímabundin áhrif. Önnur áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eru varanlegri og vega þar þyngst breytingar á landslagi og umfangsmiklar skeringar í fjallshlíðum og fjöru.

Umfang áhrifa af fyrirhuguðum framkvæmdum eru ólík eftir svæðum sem og viðkvæmni landsins með tilliti til verndargildis þess. Líkt og fyrr hefur komið fram var framkvæmdasvæðinu skipt niður í 5 minni svæði og verður fjallað um ásýnd, verndargildi og áhrif framkvæmda innan hvers svæðis í köflum 4.1 - 4.5.

### 4.1 Svæði 1



Mynd 4. Svæði 1, frá Kráká að Veiðileysuhálsi. Mynd: NAVE/HBA.

Svæðið nær frá Kráká í Veiðileysufirði, um Krákármela, upp að Bæjará og að Veiðileysuhálsi í vegstöð 4100 (kort 3, kort 4, mynd 4).

### Heildaryfirbragð og þekja

Í Veiðileysufirði þar sem veglínan hefst, mótast landslagið af þröngum og jökulrofnum firði sem afmarkast af háum tindóttum fjöllum. Mikill breytileiki er í hæð innan svæðisins sem nær frá um 20 m upp í 200 m hæð og umhverfis veglínuna eru harmafjöll og brattar hlíðar. Gróðurfar svæðisins skiptist á milli mýradraga og mosa og lyngholt á milli en graslendi nær sjónum. Gróðurfarið er lítt raskað en gamlar mógrafir eru við vegstöð 3200. Uppi á hálsinum er gróðurþekja minni og lítt grónar klappir áberandi [8]. Á svæðinu er vatn áberandi, sjórinn myndar flötinn í íhvolfum firði en fallegir fossar blasa við í Bæjará og í Kráká og í dalbotninum sést til einstaka lækja. Mannvist er ekki áberandi á svæðinu en þar er vegurinn og sumarhúsið í Veiðileysufirði, námusvæði við Kráká og nokkur rekaviður sem rekið hefur í fjöru. Form sem myndast af gróðurfari og landslagi eru miðlungs áberandi en dalurinn er hulinn gróðri og verða formin mýkri fyrir vikið, en formin verða grófari þar sem klettur stíga upp úr. Mosa- og fléttuvaxið grjótt myndar mynstur í landslagið, bæði punkta og línur, láréttar og lóðréttar. Litbrigði eru fjölbreytt, en mýrar og graslendi og mos- og mólendi skapa fjölbreytnina. Sjóndeildahringur er opinn til austur en lokaður í aðrar áttir. Á göngukorti Ferðamálasamtaka Vestfjarða er skráð gönguleið fyrir Kamb en hún er um 15 km. Hún er ómerkt og liggur að mestu með sjó [10].




Mynd 5. Séð yfir hluta svæðisins frá sumarhúsinu á Veiðileysu. Mynd: NAVE/HBA.

### Verndargildi


Landslag, votlendi og fossar á svæðinu njóta verndar náttúruverndarlaga [17]. Fjalllendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals ásamt honum er skilgreint sem aðrar náttúruminjar (nr. 327) á náttúruminjaskrá og gildir það um svæðið frá upphafi framkvæmdarsvæðis að Bæjará í botni Veiðileysu. Þetta á við fjörur og strandlengju og grunnsævi [32]. Aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá er listi yfir öll svæði sem eru merkileg og hafa enn ekki verið friðlýst [33]. Svæðinu hefur áður verið raskað með núverandi vegi og námusvæði og ásamt búskap og mannvirkjum við Veiðileysu. Svæðið telst viðkvæmt fyrir breytingum og hlýtur hátt verndargildi með tilliti til fjölbreytileika heildstæði og hlýtur miðlungs gildi með tilliti til mikilfengleika (*viðauki 2*).



## Áhrif framkvæmda




Kort 3. Svæði 1.1. Vegstöð 0 – 2700. Kráká að Veidileysuhálsi. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.




Kort 4. Svæði 1.2. Vegstöð 2700- 4100. Veidileysuháls og hluti af svæði 2. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.

Heildarlengd veglínu á svæðinu eru 4,1 km. Nýlögn vegar er samtals 3,9 km og enduruppbygging núverandi vegar um 0,2 km sem er í upphafi framkvæmdarsvæðis. Frá vegstöð 0 að vegstöð 500 þarf að framkvæma skeringar sitthvoru megin vegar, en þær eru ekki taldar umfangsmiklar og ná mest 10 metra út frá miðlínu. Frá vegstöð 500 að vegstöð 800 verða settar fyllingar undir veg með stál eða plastræsi [9], sem ná mest 15 m út fyrir miðlínu. Frá vegstöð 600 að Bæjará liggur veglínan neðanvert við núverandi veg og sker dalshlíðina með fyllingum og skeringum til skiptis, mest um 16 m út frá miðlínu vegar. Við Bæjará verður sett fylling sem nær mest 48 m út fyrir miðlínu með stál eða plastræsi [9]. Í ánni, rétt ofan við þverun árinna er fallegur foss sem er verndaður með lögum um náttúruvernd og verður hann áfram óraskaður. Þaðan tekur við skering sem skráð er námusvæði C og nær yfir 30 m út fyrir miðlínu. Við tekur fylling frá vegstöð 2040 og að 3380 með smávegis skeringarsvæði að ofanverðu á þremur köflum og námusvæði D fyrir neðan veg í vegstöð 2100 -2180. Mest ná fyllingar 42 m út frá miðlínu. Frá vegstöð 3380 að 3660 eru umfangsmiklar skeringar í hlíðina og fyllingar að neðanverðu frá 3500 að 3740 og beygir veglínan þar með krappa beygju til vinstri og heldur upp á hálsinn með skeringum fyrir ofan veg og fyllingum fyrir neðan að vegstöð 4040. Miklar skeringar taka svo við bæði fyrir ofan og neðan veg frá vegstöð 4040 að enda svæðis í vegstöð 4100 sem eru hluti af námu E.



Prívíddarmynd 1. Sýnileiki veglínu frá Veiðileysu, sami útsýnisstaður og á mynd 5. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.



Prívíddarmynd 2. Séð yfir svæði 1 frá Veiðileysuhálsi, sami útsýnisstaður og á mynd 4. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Framkvæmdin mun hafa áhrif á áður óröskuð svæði og á votlendi sem vernduð eru með náttúruverndarlögum [17]. Hljóðvist á svæðinu er ekki talin breytast. Umfang mannvirkis telst miðlungs og áhrif á landslag veruleg. Veglínan fylgir dalbotninum en aðlagast landslaginu að vissu marki en áhrif á votlendi sem verndað er með náttúruverndarlögum [17] óafturkræf. Landslag sem raskast telst ekki sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Sjónræn áhrif eru því talin miðlungs vegna óhindraðs útsýnis frá sumarhúsum við Veiðileysu (*viðauki 3, viðauki 7*) Heildaráhrif framkvæmdar á svæði 1 eru metin **talsverð neikvæð** en hugsanlega hægt að draga eitthvað úr þeim áhrifum með mótvægisáðgerðum (kafli 6.1).

#### 4.2 Svæði 2



Mynd 6. Séð yfir svæði 2. Mynd: NAVE/HBA.



Svæði 2 nær frá Veiðileysuhálsi og niður Kúvíkurdal, samtals 0,8 km. Af því eru einungis um 140 m sem verða enduruppbyggðir en rest er nýlögð vegar (kort 5, mynd 6, mynd 7).

### **Heildaryfirbragð og þekja**

Svæðið er aflíðandi dalsbotn sem nær frá Veiðileysuhálsi til láglandis. Dalurinn liggur að Reykjarfirði og er frekar grunnur. Gras- og votlendi og mólendi mynda mýkt í landslagið en grjót stingast upp úr því hér og þar og gefa grófari áferð. Gróðurfarið er frekar einsleitt og vatn er ekki áberandi, sjórinn í Reykjarfirði blasir hins vegar við þegar keyrt er niður af hálsinum, Búðará er á enda svæðisins. Í gróðurskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að starungsmýravist sé algengasta vistgerðin á svæðinu þótt að það sé frekar ógróið efst [8]. Svæðið er ósnortið, að undanskildum núverandi vegi. Minna gróin moslendissvæði mynda stóra punkta í meira gróin mólendi og votlendissvæðin og fjöllin hinu megin við Reykjarfjörðinn hafa þríhyrnd A form. Gil og dalir skapa V laga form í landslagið. Núverandi vegur myndar línu í dalbotninn og moslendistoppar sumstaðar einnig, lækir og gil lóðréttar línur í fjöllum hinu megin Reykjarfjarðar. Sjóndeildarhringurinn er frekar þröngur en sést ofan í Reykjarfjörð þegar keyrt er niður af hálsinum. Litbrigði á svæðinu eru frekar fábreytt en ógróið svæði á toppum mela mynda gráa bletti í annars rauð/gul/grænleitt landslagið. Merkt göngu- og reiðleið er upp á Trékylisheiði á vegamótum á leið niður að Kúvíkum [10,1]. Engin búseta eða hús eru á svæðinu.




Mynd 7. Séð yfir svæði 2 á miðju svæðinu, horft upp á Veiðileysuhálsinn. Mynd tekin við vegstöð 5860. Mynd: NAVE/HBA.


### **Verndargildi**

Landslag og votlendi á svæðinu njóta verndar náttúruverndarlaga [17]. Svæðið er óraskað af mannavöldum að undanskildum núverandi vegi. Í Kúvíkum er hverfisverndarsvæði en það er í fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði [1]. Svæðið er ekki sérstaklega viðkvæmt fyrir breytingum og hlýtur miðlungs verndargildi með tilliti til fjölbreytileika, heildstæði en lítið gildi fyrir mikilfengleika. Heildaryfirbragð ber með sér náttúrulegt yfirbragð en hefur lítil sérkenni.


## Áhrif framkvæmda



Kort 5. Svæði 2, stöð 4100-5900 Veiðileysuháls niður Kúvíkurdal. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf. Svæðið hefst uppi á Veiðileysuhálsi í vegstöð 4100. Í upphafi svæðis eru umfangsmiklar skeringar fyrirhugaðar beggja vegna miðlínu og ná mest út fyrir um 65 m að vegstöð 5040. Þessar skeringar eru námusvæði E og F. Veglínan þverar núverandi veg í vegstöð 4400 og fer ofan við hann í sveigju þar til hún fer aftur inn á hann í vegstöð 5300. Þá sveigir veglínan aftur með fyllingu sömu megin út af núverandi vegi að vegstöð 5840 þar sem hann kemur aftur inn á núverandi veg og endar svæðið þar á skeringarsvæði í vegstöð 5900.



Þrívíddarmynd 3. Sami útsýnisstaður og á mynd 6. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.



Þrívíddarmynd 4. Sami útsýnisstaður og á mynd 7. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Umfang mannvirkis er talið miðlungs og áhrif á landslag veruleg þar sem framkvæmdin hefur áhrif á votlendi sem verndað er með náttúruverndarlögum [17]. Landslag sem raskast telst ekki sérstætt, fágætt

eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Hljóðvist á svæðinu er ekki talin breytast. Engir sérstakir útsýnisstaðir eru á svæðinu nema þá í kring um gönguleiðina upp á Trékyllisheiði (**viðauki 7**) og útsýnið er samt sem áður gott þegar keyrt er niður af hálsinum ofan í Kúvíkurdal. Það útsýni mun ekki breytast við framkvæmdina en hún mun hafa áhrif á áður óröskuð svæði að mestu. Sjónræn áhrif eru talin óveruleg (**viðauki 3**). Heildaráhrif framkvæmdar á svæði 2 á landslag og sjónræna þætti eru metin **óveruleg**.

### 4.3 Svæði 3



Mynd 8. Svæði 3. Tekið í vegstöð 5940. Mynd: NAVE/HBA.

Svæði 3 nær frá Kúvíkurdal að Stekkjarvík (mynd 8, kort 6).

#### **Heildaryfirbragð og þekja**


Landslag svæðisins er flatt í aflíðandi dal þar sem undirlendi er nokkuð og brött fjöll í kring. Lítil breytileiki er í hæð innan svæðisins nema vegna hallans á dalnum og landform bæði með skörpum og ávölum línunum. Melar og hjallar stíga upp úr grónu landi og einkennist efri hluti svæðisins af runnaskriðuvist með urðaskriðuvist á toppum melanna, en neðri hlutinn af mosamelavist með urðaskriðuvist á toppum melanna. Lyng- og fjalldrapamóavistir eru við upphaf og enda svæðis [8]. Vatn er áberandi en fer eftir sjónarhorni; Búðará og sjórinn í Reykjarfirði. Svæðið er nokkuð óraskað af mannavöldum en ofar í hlíðinni er núverandi vegur, sumarhús í nágrenninu og framræst tún. Útsýni frá núverandi vegi er sæmilegt í upphafi svæðis yfir og út Reykjarfjörð, en minna upp dalinn þar sem hann lokar sjóndeildarhringnum. Ýmis form myndast milli gróðurlausra og gróðursvæða, áberandi línur í fjöllum hinu megin Reykjarfjarðar og í hjöllum fyrir ofan svæðið. Mynstur er sjáanlegt og myndast þar sem ógróin svæði standa upp úr grónum svæðum. Litbrigði svæðisins eru miðlungsfjölbreytt með grænum, gulum, gráum og svörtum litum.




## Verndargildi

Landslag og votlendi svæðisins njóta verndar náttúruverndarlaga [17]. Svæðið er óraskað af mannavöldum að undanskildum framræstum túnum í nágrenninu. Svæðið telst frekar viðkvæmt fyrir breytingum og hlýtur miðlungs verndargildi með tilliti til fjölbreytileika og heildstæði en lítið gildi fyrir mikilfengleika. Heildaryfirbragð ber með sér náttúrulegt yfirbragð en lítil sérkenni.

## Áhrif framkvæmda



Kort 6. Svæði 3 stöðvar 5900-7100, Kúvíkurdalur að Stekkjarvík. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf. Svæðið hefst við vegstöð 5900 og nær að vegstöð 7100, samtals 1,2 km og er allt nýlögð vegar.




Þrívíddarmynd 5. Útsýni um það bil frá sumarhúsi við Kúvíkur. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Við upphaf svæðis er töluvert skeringarsvæði á um 200 m kafla sem skilgreint er sem námusvæði H. Frá því beygir vegurinn lítillega inn í Reykjarfjörð með fyllingu en réttist svo aftur úr henni að hluta að vegstöð 6900 þegar hún byrjar aftur að beygja inn fjörðinn að enda svæðis í vegstöð 7100. Námusvæði er einnig skilgreint milli vegstöðva 6600- 6700 og í kring um vegstöð 6900. Mestu fyllingarnar undir veginum eru áætlaðar milli vegstöðvar 6100-6300 á þessum kafla. Engir sérstakir útsýnisstaðir eru á svæðinu en sýnileiki frá sumarhúsi Kúvíkur verður lítill (**viðauki 7**) (þrívíddarmynd 5). Framkvæmdin mun hafa áhrif á áður óröskuð svæði að mestu og á votlendi sem vernduð eru með náttúruverndarlögum [17]. Hljóðvist



á svæðinu er ekki talin breytast. Umfang mannvirkis er talið miðlungs og áhrif á landslag veruleg og talsverð neikvæð þar sem veglínan hefur áhrif á votlendi sem vernduð eru með náttúruverndarlögum [17].



Þrívíddarmynd 6. Svæði 3, sami útsýnisstaður og á mynd 8. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Landslag sem raskast telst ekki sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Sjónræn áhrif eru talin óveruleg (**viðauki 3**) þar sem sýnileiki vegar verður lítil alls staðar frá að undanskildu svæðinu hinu megin Reykjarfjarðar (**viðauki 7**). Heildaráhrif framkvæmdar á svæði 3 á landslag og sjónræna þætti eru metin **óveruleg**.

#### 4.4 Svæði 4



Mynd 9. Séð yfir hluta svæðis 4 inn Reykjarfjörð fyrir ofan vegstöð 8280. Hvammur fremst og Stýrimannasteinn sést neðst á mynd. Mynd: NAVE/HBA.

Svæðið nær frá Stekkjarvík að Djúpavík (mynd 9, kort 7, kort 8).

#### **Heildaryfirbragð og þekja**

Í Reykjarfirði mótast landslagið af íhvolfum og frekar þröngum firði með misháum og bröttum fjöllum þar sem sjórinn er grunnflöturinn. Undirlendi er lítið og breytileiki í hæð mikill innan sjóndeildarhringsins

en ekki svo mikill í kring um framkvæmdirnar, að undanskildu þar sem vegur fer niður í fjöru. Upphaf svæðisins er rétt áður en komið er að Stekkjarvík og þaðan taka við Kleifarnar sem ná inn fyrir Kleifará. Kleifarnar eru mjög brattar og hækka þegar innar dregur [4]. Í miðri Kleifará er klettastandur sem nefnist Kerling, en þar á tröllkerling að hafa dagað uppi. Innan árinna er strandberg í sjó sem ekki er talið gengt, kallast það Forvaði og þar innar, Forvaðahlíð [4]. Þaðan sveigir ströndin eilítið í suðvestur inn að Hvammi en spölkorn þaðan inn með ströndinni stóðu beitarhús frá Kjós [4]. Utan til við Hvamminn eru tóftir að seli og um 200 metra úti í sjó fram af því er Stýrimannasteinn sem kemur upp úr um stórstraumsfjöru (mynd 9) [4]. Þegar ekið er eftir núverandi vegi inn Reykjarfjörðinn og komið er upp á brúnirnar, blasir Djúpavík við, undir Kjósarhöfða. Gróðurfarið á svæðinu einkennist af urðaskriðuvist og ljónslappaskriðuvist, finnugsvist- og língresis- og vingulvist. Vatn er nokkuð áberandi á svæðinu þar sem það er við sjó, en Kleifará rennur auk þess við upphaf svæðis og nokkrir lækir annarsstaðar. Mannvist er nokkur en vegurinn og umhverfi hans er áberandi ásamt rafmagnslínunum og byggðinni á Djúpavík á nokkrum stöðum, en engin búseta eða hús eru á sjálfu svæðinu. Áberandi línur sjást í fjöllum, bæði lóðréttar og láréttar og áferð er bæði gróf en svo sléttari niður við ströndina þar sem er þéttari gróður. Mynstur er ekki mikið áberandi, en eyjar og sker mynda ákveðið mynstur í sjávarflötinn og vogskorin ströndin skil milli gróðurlausra og gróðursvæða. Sjóndeildahringurinn er lokaður með fjöllum en hálf opinn í austur.



Mynd 10. Séð yfir svæði 4 frá Djúpavík.


Á göngukorti Ferðamálasamtaka Vestfjarða og í aðalskipulagi svæðisins er skráð gönguleið sem kölluð er *Djúpavíkurhringur* en það er nokkuð þægileg hringleið þar sem gengið er eftir slóða frá gömlu síldarverksmiðjunni, upp gil í hlíðinni og upp á breiðan kletthajalla [10,1].




## Verndargildi

Landslag nýtur verndar í náttúruverndarlögum [17]. Svæðið er tiltölulega lítt raskað af mannavöldum að undanskildum núverandi vegi, rafmagnslína og minjum. Svæðið telst viðkvæmt fyrir breytingum og hlýtur hátt verndargildi með tilliti til fjölbreytileika, og heildstæði en miðlungs gildi fyrir mikilfengleika.

## Áhrif framkvæmda




Kort 7. Svæði 4.1. Kort: NAVÉ/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.




Kort 8. Svæði 4.2. Kort: NAVÉ/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.

Svæðið hefst við vegstöð 7100 og er samtals 2,8 km. Enduruppbygging núverandi vegar er tæpir 0,5 km af því. Að vegstöð 7400 er talsverð fylling undir vegi þar sem við taka skeringar í hjallann sem er við ströndina og verður skorið talsvert af honum, en þar eru skráð tvö námusvæði, M og L. Skeringarnar ná að vegstöð 8400 en þá taka við fyllingar í fjöruna að vegstöð 9500. Þá taka við skeringar, mest fyrir ofan

veg og að enda svæðisins. Útsýni frá nýju vegstæði mun væntanlega verða svipað og af núverandi vegi, nema nýr vegur liggur lægra í landinu. Framkvæmdin felur í sér rask á ósnortinni náttúru en umhverfið fyrir ofan er raskað af núverandi vegi og rafmagnslínum (þrívíddarmynd 7).



Þrívíddarmynd 7. Sama útsýni og á mynd 9. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.



Þrívíddarmynd 8. Sama útsýni og á mynd 10. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Landslag telst sérstætt vegna fagurfræðilegs gildis þar sem strandlengjan er stórskorin og margbreytileg sem telst fremur fágætt. Umfang mannvirkisins er talið miðlungs en áhrif á landslag veruleg þar sem við framkvæmdina verða gerðar miklar skeringar í hlíðar fjarðarins og þar raskast víkur og hjallar (mynd 9, viðauki 3, þrívíddarmynd 7, þrívíddarmynd 8). Sjónræn áhrif eru talin miðlungs þar sem umfangsmiklar breytingar á ósnortnu landslagi eiga sér stað (**viðauki 3**, þrívíddarmynd 8) og útsýni frá Djúpavík mun breytast. Mögulega getur talist með tímanum að sjónrænu áhrifin verði minni en af núverandi vegi þar sem vegurinn mun verða staðsettur í sjávarmálinu, mitt á milli sjós og lands. Hljóðvist á svæðinu er ekki talin breytast. Gróður á svæðinu er ekki talinn raskast mikið. Heildaráhrif framkvæmdar á svæði 4 eru talin **talsverð neikvæð**.



## 4.5 Svæði 5



Mynd 11. Svæði 5, Djúpvík sést hægra megin á mynd. Mynd: NAVE/HBA.

Svæði 5 liggur frá Djúpvík að Kjósarvík að enda framkvæmdarsvæðisins.

### *Heildaryfirbragð og þekja*

Landslag Reykjarfjarðar einkennist af frekar þröngum og jökulsorfnum firði sem afmarkast af tindóttum fjöllum og er opinn til austurs. Nokkurt undirlendi er á svæðinu og mannvist áberandi, bæði byggðin á Djúpvík, rafmagnslínur og framræst votlendi. Landslagið á svæðinu einkennist af hólum og melakollum sem gerir það að verkum að útsýni er lítið (mynd 11, mynd 13). Gróðurfar einkennist af bugðupuntvist og língresis og vingulvist næst Djúpvík en þegar lengra er komið skiptast á lítt gróin holt með mosamelavist og mýrardrög með brokflóavist og starungsmýravist sem hafa verið röskuð með framræsluskurðum. Þegar komið er næst Kjósaránni er aftur meira graslendi [8]. Fallegur foss gnæfir yfir byggðinni. Hægt er að upplifa svolítinn staðaranda í kring um Djúpvík þar sem fæst tilfinning fyrir fyrri tímum, sá andi er samt sem áður misjafnlega mikill þar sem fín lína er á milli sóðaskaps og niðurníðslu húsanna og jákvæðri upplifun af menningarsögu svæðisins (mynd 12). Á göngukorti Ferðamálasamtaka Vestfjarða og í Aðalskipulagi svæðisins er skráð gönguleið frá Djúpvík að Bólstað í Selárdal um Trékyllisheiði. Hún er vörðuð og er um 22 km á leið [10, 1].



Mynd 12. Djúpvík, séð frá bryggju. Mynd: NAVE/HBA.


## Stak

Djúpavíkurfoss.

## Verndargildi


Djúpavík hefur sérstaka merkingu fyrir heimamenn og samfélagið í heild vegna sögulegs- og menningarlegs bakgrunns. Landslag, fossar og nánasta umhverfi þeirra njóta verndar með náttúruverndarlögum [17, 20]. Svæðið í kring um Djúpavík og Kjós telst viðkvæmt fyrir breytingum en Kjósarhöfðinn minna. Svæðið í heild hlýtur miðlungs verndargildi fyrir fjölbreytileika og lítið fyrir heildstæði og/eða samfeldni. Heildstæði og samfeldni hefur þegar verið rofin með manngerðu landslagi, til dæmis framræstum skurðum, rafmagnslínum, byggingum og núverandi vegi á enda svæðisins. Mikilfengleiki á svæðinu fær miðlungs gildi en skil milli landslagsforma eru óljós og eru einstaka svæði með upplifunargildi.

## Áhrif framkvæmda



Kort 9. Svæði 5. Kort: NAVE/HBA. Grunnur: Vegagerðin/Loftmyndir ehf.

Svæðið hefst við Djúpavík í vegstöð 9900 og er samtals 1,9 km. Enduruppbygging núverandi vegar verður um 0,3 km og nýlögn um 1,6 km. Frá vegstöð 9900– 10100 verður veglínan skorin í hlíðina og fyllt undir að neðanverðu en milli vegstöðva 10100 og 10300 þarf að skera umtalsvert beggja megin línu, lengst 26 m út frá miðlínu.




Þrívíddarmynd 9. Sami útsýnisstaður og á mynd 11. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.



Veglínan sveigir þá lítillega til hægri með fyllingu undir veginum á 300 m kafla og þaðan tekur við 100 m langur skeringar kafla. Frá vegstöð 10500 – 10700 er skráð námusvæði (N). Næst kemur 100 m fylling og svo skeringar þar sem tvö önnur námusvæði (O og P) þar sem eru skeringar á um 250 m kafla. Næstu 200 m verða með fyllingar undir vegi en þar er einnig skráð námusvæði (R) í kring um vegstöð 11200 þar sem þarf að fara í gegnum holt. Næst kemur skeringarkafli sem nær inn á núverandi veg og þar verður mest skorið um 37 m út frá miðlínu vegar sem skilgreindur er náma (S). Þaðan fer vegurinn fyrir neðan núverandi brú með fyllingu og umfangslítilli skeringu að enda framkvæmdarsvæðis í vegstöð 11800.



Mynd 13. Við enda framkvæmdarsvæðis, Djúpavík ekki í auglýn. Tekið í vegstöð 11420. Mynd: NAVE/HBA.



Þrívíddarmynd 10. Sama útsýni og á mynd 13. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Á svæðinu sjást rafmagnslínur víðsvegar frá vegi og auka þær tilfinninguna um að landið sé raskað af mannavöldum. Framkvæmdirnar eru sýnilegar frá Djúpavík og geta haft neikvæð sjónræn áhrif en sú sýn er einungis á vegstæðið frá Djúpavík um það bil að vegstöð 10300. Djúpavíkurfoss er verndaður með 61. gr náttúruverndarlaga [17, 20] en framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á hann. Landslag sem raskast telst ekki sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Umfang mannvirkisins er talið miðlungs og áhrif á landslag einnig. Hljóðvist á svæðinu er ekki talin breytast. Útsýni mun ekki skerðast eða breytast mikið frá því sem fyrir er og ekki breyta þáttum sem ráða mikilfengleika svæðisins, því eru sjónræn áhrif talin óveruleg. Heildaráhrif framkvæmdarinnar á svæði 5 eru talin **óveruleg**.

## 5. Niðurstöður viðhorfskönnunar

Alls svöruðu 40 manns viðhorfskönnuninni þar sem rúmur helmingur voru karlar (52,5%) og helmingur konur (47,5%). Aldursskiptingin var frekar dreifð en stærsti hluti svarenda var á bilinu 56-60 ára (17,5%). Flestir (80%) áttu sumarhús á svæðinu en 5% áttu hús eða íbúð á svæðinu. 15% tengdust ekki svæðinu beint. Flestir sem svöruðu áttu land eða höfðu umráðarétt yfir landi á framkvæmdarsvæðinu eða 87,5% og áttu 82,5% svarenda ekki heima á svæðinu en 72,58% svarenda höfðu átt sumarhús á svæðinu í 20 ár eða lengur. Flestir töldu sig þekkja framkvæmdarsvæðið og nágrenni þess mjög vel eða 42,5% en næst flestir vel eða 40%. 10% töldu sig þekkja svæðið lítið og 7,5% hvorki/né.

Spurt var um ástand landslags innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar með tilliti til hversu náttúrulegt eða manngert svarendur upplifðu það. Flestir töldu ástandið náttúrulegt eða 53% og næst flestir frekar náttúrulegt eða 40%. 23% upplifðu það hlutlaust og 10% frekar manngert. Flestum fannst landslagið hreint eða 70% og 40% töldu það frekar hreint, en 13% voru hlutlausir. 3% töldu það frekar sóðalegt og sóðalegt. Flestir töldu svæðið vera kyrrt eða 83% en 20% voru hlutlaus og 13% fannst það frekar kyrrt. 7% töldu svæðið frekar hávært og hávært. Flestir svarenda töldu svæðið hvorki aðgengilegt né óaðgengilegt eða 43% og 37% töldu það frekar aðgengilegt. 30% svarenda fannst það aðgengilegt og 17% frekar óaðgengilegt. Flestum svarendum fannst svæðið fallett eða 90% en 17% fannst það frekar fallett og 13% voru hlutlaus um það en 10% fannst það frekar ljótt.

Spurt var um þau svæði sem svarendur töldu að væru mest notuð á framkvæmdarsvæðinu. Flestir töldu að Djúpavík og Veiðileysa væru mest nýttu svæðin. Kort 10 sýnir niðurstöður þeirrar spurningar en svörum var skipt niður í fimm flokka eftir litum: 1. 0-5 svör (ljósasti liturinn), 2. 6-10 svör, 3. 11-15 svör, 4. 16-20 svör og 5. Yfir 20 svör (dekksti liturinn).



Kort 10. Mest nýttu svæðin samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar. Dekkstu svæðin eru talin mest nýtt og ljósustu minnst.

Spurt var hvaða svæði svarendur teldu hafa mesta gildi vegna landslags. Flestir töldu botn Veidileysufjarðar hafa mesta gildi. Önnur svæði höfðu minna gildi að mati svarenda (kort 11). Hér var notast við sömu skiptingu á svörum og í síðustu spurningu.



Kort 11. Gildi landslags svæðisins samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin hafa hæsta gildið og ljósustu minnsta gildið.

Spurt var um þau svæði sem svarendur teldu hafa mesta gildi hvað varðar útsýni. Flestir töldu það vera botn Veidileysufjarðar og Veidileysuhálsinn, minni gildi fyrir gönguleiðina upp á Trékyllisheiði og Djúparvík en enn minni gildi fyrir önnur svæði (kort 12).





Kort 12. Gildi útsýnis samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin hafa hæsta gildið og ljósustu minnsta gildið. Svarendur voru spurðir að því hvaða svæði þeir teldu helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum í framtíðinni. Flestir töldu það vera botn Veidileysufjarðar, í kring um sumarhúsin við Kúvíkur og Náthaga og í kring um Djúpuvík og Kjós (kort 13).



Kort 13. Viðkvæmni svæða samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin eru talin mjög viðkvæm og ljósustu lítið viðkvæm.

Rætt var um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd í nokkrum spurningum. Þar var svæðum skipt upp í fimm svæði (kort 2) og spurt hversu mikil áhrif svarendur teldu vegaf framkvæmdir á svæðunum hafa á ásýnd landslagsins á nærsvæði framkvæmdarinnar. Á svæði 1 töldu 40% að framkvæmdin myndi hafa talsverð neikvæð áhrif en 37,5% töldu hana hafa engin áhrif. 7,5% töldu framkvæmdina hafa veruleg neikvæð áhrif og 10% taldi hana hafa talsverð jákvæð áhrif. 5% töldu að framkvæmdina hafa verulega jákvæð áhrif á ásýnd.

Á svæði 2 töldu flestir að framkvæmdin myndi hafa engin áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar eða 67,5% svarenda. 15% töldu áhrifin verða talsverð jákvæð og 10% töldu þau verða talsverð neikvæð. 5% töldu áhrifin verða verulega jákvæð og 2,5% töldu þau verða verulega neikvæð.

Á svæði 3 töldu flestir svarendur að vegaf framkvæmdir hefðu engin áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar eða 55%. Næst flestir töldu áhrifin verða talsverð neikvæð eða 20% og 12,5% töldu áhrifin talsverð jákvæð. 10% töldu áhrifin verulega jákvæð og 2,5% verulega neikvæð.

Á svæði 4 töldu flestir svarendur að vegaf framkvæmdir hefðu engin áhrif á nærsvæði vegaf framkvæmdirnar eða 42,5%. 25% töldu áhrifin verða talsverð neikvæð og 20% töldu þau verða talsvert jákvæð. 7,5% töldu áhrifin verða verulega neikvæð og 5% verulega jákvæð.

Á svæði 5 töldu flestir svarendur að vegaf framkvæmdir hefðu engin áhrif á nærsvæði vegaf framkvæmdirnar eða 40%. 25% töldu áhrifin verða talsverð neikvæð og 20% töldu þau verða talsvert jákvæð. 10% töldu áhrifin verða verulega jákvæð og 5% verulega neikvæð.

Spurt var hvort svarendur teldu líklegt að vegurinn, skeringar hans og fyllingar yrðu sýnilegar frá heimili eða sumarhúsi svarenda og töldu 82,5% svo vera. Af þeim töldu 62,5% að framkvæmdirnar myndu breyta sjónrænni ásýnd frá heimili/sumarhúsi sínu, en 17,5% töldu svo ekki vera. Flestir sem töldu vegaf framkvæmdirnar hefðu áhrif á landslag og ásýnd frá sumarhúsi/heimili sínu töldu að sú upplifun hefði engin áhrif eða 37,5%. 27,5% töldu þá upplifun verða talsvert neikvæða, 12,5% verulega neikvæða en 2,1% talsvert jákvæða.

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÁHRIFA



Mynd 14. Séð yfir Reykjarfjörð frá Kúvíkurdal að Djúpuvík.

Almennt gildir að þegar nýir vegir eru lagðir er nær ómögulegt að finna leið sem hefur engin áhrif á landslag og þann anda eða upplifunargildi sem einkennir hvert svæði. Öll nýlagning vega hefur í för með sér rask og er því einnig litið til hversu stór hluti hvernar leiðar er enduruppbygging á núverandi vegi. Framkvæmdin mun bæði hafa afturkræfar og óafturkræfar breytingar í för með sér og munu sumar þeirra valda verulegum varanlegum breytingum á landformum, til dæmis á fjörusvæðinu í Reykjarfirði. Hljóðvist á svæðinu er ekki talin breytast vegna nýs vegar. Tafla 3 sýnir samantekt á verndargildi ólíkra svæða og vægi áhrifa framkvæmdarinnar á hvert svæði fyrir sig ásamt heildarmati á áhrifum veglína á landslag og sjónræna þætti.

Fyrirhuguð framkvæmd hefur áhrif á stórt svæði allt frá Kráká í Veiðileysufirði upp á Veiðileysuháls, ofan í Kúvíkurdalinn, eftir strönd Reykjarfjarðar og inn í botn hans að Kjósará. Niðurstöður mats á áhrifum veglínu 708, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa, gefa til kynna að fyrirhuguð framkvæmd hafi **óveruleg** áhrif á landslag og sjónræna þætti á svæði 2, 3 og 5 en **talsverð neikvæð** áhrif í Veiðileysufirði (svæði 1) og á strandalandslag Reykjarfjarðar (svæði 4) (tafla 3, þrívíddarmynd 11).



Þrívíddarmynd 11. Sami útsýnisstaður og á mynd 14. Mynd: Guðmundur Ingi Guðmundsson/VG.

Neikvæð áhrif er að hluta til hægt að lágmarka með því að beita mótvægisáðgerðum (kafla 6.1).



Tafla 3. Samantekt áhrifa framkvæmdarinnar á landslag og sjónræna þætti með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa. Viðmið á verndargildi eru metin lág (1), miðlungs (2) eða há (3) (Viðauki 2).

	Viðmið á gildi landslags			Verndar gildi	Sjónræn áhrif			Umfang mannvirkis			Áhrif á landslag			Heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti					
	Fjölbreytileiki	Heildstæði	Mikilfengleiki	Heildar-niðurstaða	Óveruleg	Miðlungs	Veruleg	Óverulegt	Miðlungs	Verulegt	Óverulegt	Miðlungs	Verulegt	Veruleg jákvæð (+2)	Talsverð jákvæð (+1)	Óveruleg (0)	Talsverð neikvæð (-1)	Veruleg neikvæð (-2)	Óvissa (?)
<b>Svæði 1</b>	3	3	2	3		x			x				x						-1
<b>Svæði 2</b>	2	2	1	2	x				x				x						0
<b>Svæði 3</b>	2	2	1	2	x				x				x						0
<b>Svæði 4</b>	3	3	2	3		x			x				x						-1
<b>Svæði 5</b>	2	1	2	2	x				x			x							0





## 6.1 Helstu mótvægisáðgerðir

Fyrir sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á landslag skiptir miklu máli að frágangur framkvæmdarsvæðisins sé sem bestur og áhersla verði lögð á vandaðar mótvægisáðgerðir. Mjög mikilvægt verður því að teljast að við frágang verði röskuð svæði formuð á þann máta að þau falli sem best að nærliggjandi landslagi og halla umhverfisins, ásamt því að endurheimt og uppgræðsla takist vel.

Markmið mótvægisáðgerðanna er að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna en vegir geta brotið upp landslagsheildir og búsvæði. Þar sem gróðurhula er fjarlægð er jarðvegur viðkvæmur fyrir vatns- og vindrofi og uppbrot búsvæða getur leitt til herra hlutfalls jaðarvæða á kostnað kjarnasvæða sem getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Við uppbrotið og hnignun vistkerfa í tengslum við vegagerð getur útbreiðsla framandi og ágengra plöntutegunda orðið auðveldari en þær hafa gjarnan tilhneigingu til að þrífast vel á röskuðum svæðum [7, 23]. Við hönnun vega og undirbúning vegaf framkvæmda felast tækifæri til að draga úr áhrifum veglagningarinnar á vistkerfi og umhverfið í kringum vegina.




### 6.1.1 Landslag






Helstu aðgerðir sem lagt er til að beita eigi við frágang og mótvægis aðgerðir með tilliti til landslags taka meðal annars til eftirtalinna þátta:

-  Frágangur landslags á röskuðum svæðum skal vera í samræmi við nærliggjandi umhverfi og skarpar brúnir fyllinga og skeringa skulu mótaðar ávalar. Þetta á sérstaklega við þar sem miklar skeringar og fyllingar eru fyrirhugaðar. Uppgræðsla svæða skal samræmast aðferðum í kafla 6.1.2.
-  Losa skal yfirborð aflagðra vegkafla og aðlaga að landinu til að auðvelda framvindu gróðurs. Hjálpar aðgerðin til við að tengja raskað svæði við nærliggjandi land og mynda nýja eða stækka núverandi landslagsheild.
-  Ganga skal frá fláum þannig að þeir falli sem best að umhverfi sínu. Halli fláa á grónum svæðum skal ekki vera brattari en 1:2 en með því er reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik.
-  Ýmsar ástæður eru þess valdandi að erfitt er að taka ákvörðun um mótun skeringa fyrirfram (stöðugleiki efnis, gróðurframvinda til framtíðar, hætta á ofanflóðum) og aðstæður hverju sinni verða að ráða för. Leitast skal þó við að útlit skeringar endurspegli línur og form í nærliggjandi landslagi með það markmið fyrir augum að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmda.

### 6.1.2 Gróður

Helstu aðgerðir sem lagt er til að beita við frágang og mótvægis aðgerðir með tilliti til gróðurs og yfirborðsþekju taka meðal annars til eftirtalinna þátta:

-  Mikilvægt er að halda röskun gróðurs í lágmarki við vegagerð og raska ekki óparfa gróðurþekju.
-  Við val á aðferðum við endurheimt staðargróðursins þarf að taka mið af umhverfisaðstæðum en mismunandi uppgræðsluaðferðir geta hentað mismunandi svæðum. Góðar upplýsingar um uppgræðslur í tengslum við framkvæmdir er að finna í riti Landbúnaðarháskóla Íslands, Vegvist [7], á vefsíðunni [www.namur.is](http://www.namur.is) og í riti um uppgræðslur námusvæða [6].
-  Varðveita skal svarðlag og lífrænan jarðveg (efstu 20 cm jarðvegs) við upphaf framkvæmdar og nýta að þeim loknum til að endurheimta þann gróður sem fyrir var, eins fljótt og auðið er, í því gróðurlendi sem svarðlagið var tekið.

-  Nýta ætti gróðurtorfur sem falla til við framkvæmdir til lagfæringa eftir rask eins og kostur er. Leggja þær til hliðar og koma svo fyrir á yfirborði eins fljótt og auðið er, ekki meira en ári eftir upptöku þeirra, á sama gróðurlendi og þær voru teknar.
-  Við sáningar að framkvæmdum loknum skal vanda val á gróðurtegundum svo nýr gróður skeri sig ekki úr umhverfinu og breyti heildarásýnd svæðisins. Lagt er til að safna fræjum af staðargróðri og dreifa á framkvæmdarsvæði eftir að framkvæmdum lýkur á þeim stöðum sem það hentar.
-  Til þess að sjónræn áhrif vegstæðis séu sem minnst er mikilvægt að taka mið af grenndargróðri framkvæmdarsvæðis við uppgræðslu.
-  Hafa skal landslagsheildir í huga við frágang á framkvæmdarsvæði. Með því að halda sömu yfirborðsásýnd fyrir og eftir framkvæmd er dregið úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar ásamt því að landslagsheildir eru láttnar halda sér.
-  Forðast ætti að raska votlendi, en verði ekki hjá því komist skal leitast við að valda eins litlu raski og hægt er. Lagt er til að endurheimta votlendi á sama svæði eða annarsstaðar í stað þess sem tapast.

## 7. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT

Framkvæmdin kemur til með að hafa bæði afturkræfar og óafturkræfar breytingar í för með sér og munu sumar þeirra valda varanlegum breytingum á landslagi og ásýnd, og á það aðallega við á votlendissvæðum og fjöru Reykjarfjarðar. Önnur áhrif eru talin minni. Neikvæð áhrif er að hluta til hægt að lágmarka með því að beita þeim mótvægisáðgerðum sem fjallað er um hér að framan, en líklegt þykir að mótvægisáðgerðir geti ekki komið í veg fyrir það rask sem verður á fjöru landslagi og stórum votlendissvæðum. Hægt er að endurheimta raskað votlendi annarsstaðar til að reyna að bæta fyrir það rask en að endurheimta raskað votlendi getur aldrei að fullu bætt fyrir rask á öröskuðu votlendi að mati höfundar. Votlendin á svæðinu geta þó ekki talist að fullu öröskuð þar sem núverandi vegur hefur raskað þeim að hluta, til dæmis í Kúvíkurdal. Nánar er fjallað um votlendi og rask þeirra í skýrslu Náttúrustofunnar [8].

Viðhorfskönnunin gekk vonum frammar og fengust 40 svör frá íbúum og sumarhúsaeigendum. Þar kemur sterklega fram að flestir telja vegaf framkvæmdir mjög þarfar og að þeir telji þær hafa áhrif á landslag. Misjafnar skoðanir voru samt á því hversu mikil áhrifin yrðu og jafnvel fannst sumum að framkvæmdin myndi hafa veruleg og talsverð jákvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins á meðan flestir töldu áhrifin

engin eða talsverð neikvæð. Flestir voru sammála um það að framkvæmdirnar mundu breyta ásýnd og upplifun þeirra frá sumarhúsi/heimili þeirra en töldu þau áhrif engin og aðeins færri töldu áhrifin talsverð neikvæð. Nokkrir skildu eftir athugasemdir varðandi framkvæmdina eða könnunina. Þar kom sterklega fram að fólk var jákvætt gagnvart veglagningunni og bættum vegasamgöngum en einhverjir höfðu athugasemdir við legu veglínunnar á einstaka stöðum. Þær athugasemdir er hægt að lesa í niðurstöðum könnunarinnar í viðauka 4.

Þegar tekin er saman niðurstaða mats á áhrifum framkvæmdanna á landslag og sjónræna þætti hefur *veglína 708* á framkvæmdarsvæðinu, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa óveruleg áhrif á landslag og sjónræna þætti en talsverð neikvæð áhrif í Veiðileysufirði og á strandalandslag Reykjarfjarðar. Mesta röskunin á svæðum 1, 2 og 3 er vegna röskunar á votlendi sem verndað er með náttúruverndarlögum en önnur áhrif eru talin minni. Frekar sérstakt fjarðalandslag verður raskað með veglínu við fjöruborðið í Reykjarfirði þar sem raskast vikur, hjallar og sker á hluta svæðisins, en það á aðallega um svæðið frá Stekkjarvík að Gunnarshjalla. Þar munu skeringar verða mjög áberandi og mikilvægt að notast við mótvægisáðgerðir sem bent er á til að draga úr áhrifum.

## 8. Heimildaskrá

- 1 Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. 2013. *Greinagerð*. Unnin af Teiknistofu Benedikts Björnssonar.
- 2 Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley. 2020. *Landslag á Íslandi Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Skipulagsstofnun. 5830-005-SKY-001-V04. Reykjavík.
- 3 Birna Lárusdóttir. 2004. *Fornleifauppgröftur á Kúvíkum í Reykjarfirði*. Fornleifastofnun Íslands. FS262-04201. Reykjavík.
- 4 Bjarni Guðmundsson, Haukur Jóhannesson og Valgarður Egilsson. 2000. *Árbók 2000. Í strandabyggðum norðan lands og vestan. Ferðafélag Íslands*.
- 5 Council of Europe. 2000. *European Landscape Convention*. <https://www.coe.int/en/web/landscape/the-european-landscape-convention> [Skoðað 2.2.2021]
- 6 Guðmundur Arason, Gunnar Bjarnason, Björn Stefánsson o.fl. 2002. *Námur: Efnistaka og frágangur*. Embætti veiðimálastjóra, Hafrannsóknarstofnun, Iðnaðarráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun.
- 7 Guðrún Óskarsdóttir og Ása L. Aradóttir 2015. *Vegvist – Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum*. Rit LBHI nr. 59. Landbúnaðarháskóli Íslands:Hvanneyri.
- 8 Hafdís Sturlaugsdóttir. 2021. *Veiðileysuháls, gróður og vistgerðir, Strandavegur (643) um Veiðileysuháls Kráká – Kjósará í Árneshreppi*. NV nr. 1- 21. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík.
- 9 Helga Aðalgeirsdóttir, Margrét Ósk Aronsdóttir og Sóley Jónasdóttir. 2020. *Strandavegur (643) um Veiðileysuháls Kráká – Kjósará í Árneshreppi*. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Vegagerðin.
- 10 Helgi M. Arngrímsson og Hafþór Snjólfur Helgason. 2015. *Vestfirðir og Dalir 3. Inndjúp og Strandir*. Ferðamálasamtök Vestfjarða. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands. Prentsmiðjan Oddi.
- 11 Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir 2016. *Mat á áhrifum vegaframkvæmda á landslag, milli Bjarkalundar og Skálaness í Þorskafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- 12 Hulda Birna Albertsdóttir. 2019. *Mat á áhrifum framkvæmda á landslag Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)*. NV nr. 8-19. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík.
- 13 Jóhann Hjaltason. 1952. *Árbók 1952 - Strandasýsla*. Ferðafélag Íslands. Ísafoldprentsmiðja hf.
- 14 Kristjana Einarsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2011. *Landslag við norðanverðan Breiðafjörð. Mat á áhrifum vegaframkvæmda á landslag, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 08-11. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- 15 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- 16 Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- 17 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.



- 18 Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð nr. 57/1998.
- 19 Lög um umhverfismat áætlana 105/2006.
- 20 Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. *Kortasjá, sérstök vernd náttúruyfyrirbæra*. Byggt á gögnum úr vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. 1:25 000. <https://serstokvernd.ni.is/> [Skoðað 5.2.2021]
- 21 Ólafur Árnason 2005. *Aðferðir við mat á landslagi*. Unnið fyrir Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar, Landsvirkjun og Landsnet. Reykjavík: Línuhönnun.
- 22 Ólafur Árnason, Rut Kristinsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir 2010. *Aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti*. Reykjavík: Verkfræðistofan Efla.
- 23 Quarles, W. 2003. *Native plants and integrated roadside vegetation management*. IPM Practitioner 25, 1-9.
- 24 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri). 2020. *Fornleifaskráning: Strandavegur um Veidileysuháls, Kráká – Kjósará*. Fornleifastofnun Íslands. FS810 – 20021. Reykjavík.
- 25 Skipulagslög nr. 123/2010.
- 26 Skipulagsstofnun 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. [http://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar\\_um\\_flokkun\\_umhverfisthatta\\_vidm\\_id\\_einkenni\\_og\\_vaegi\\_umhverfisahrifa.pdf](http://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidm_id_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf) [Skoðað 2.2.2021]
- 27 Skipulagsstofnun. *Landsskipulagsstefna 2015-2026*. [https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026\\_asamt\\_greinargerð.pdf](https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf) [Skoðað 10.3.2021].
- 28 Stapi – Jarðfræðistofa. Drög 2021. *Strandavegur 643-707 um Veidileysuháls, jarðfræði og námur*.
- 29 Umhverfis og auðlindaráðuneytið á.á. *Alþjóðlegir umhverfissamningar. Bernarsamningur*. <https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45> [Skoðað 2.2.2021]
- 30 Umhverfis og auðlindaráðuneytið á.á. *Alþjóðlegir umhverfissamningar. Líffræðileg fjölbreytni*. <https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58> [Skoðað 2.2.2021]
- 31 Umhverfisráðuneytið. 2002. *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. Guðjón Ó: Reykjavík.
- 32 Umhverfisstofnun á.á. Náttúruminjaskrá Vestfjarða. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vestfirdir/> [Skoðað 2.2.2021]
- 33 Umhverfisstofnun. Náttúruminjaskrá. <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/> [Skoðað 17.2.2021].
- 34 VSÓ ráðgjöf 2012. *Þverun fjarða. Áhrif á náttúru, landslag og landnotkun*. Rannsóknaverkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. VSÓ ráðgjöf, 11157. Reykjavík:VSÓ ráðgjöf.
- 35 Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir 2010. *Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Háskóli Íslands: Reykjavík.

## 9. Korta, mynda og þrívíddarmyndaskrá

### 9.1 Kort

Kort 1. Framkvæmdarsvæðið.....	8
Kort 2. Skipting framkvæmdarsvæðis í fimm svæði. ....	11
Kort 3. Svæði 1.1. Vegstöð 0 – 2700. Kráká að Veiðileysuhálsi. ....	15
Kort 4. Svæði 1.2. Vegstöð 2700- 4100. Veiðileysuháls og hluti af svæði 2. ....	15
Kort 5. Svæði 2,stöð 4100-5900 Veiðileysuháls niður Kúvíkurdal. ....	18
Kort 6. Svæði 3 stöðvar 5900-7100, Kúvíkurdalur að Stekkjarvík.....	20
Kort 7. Svæði 4.1. ....	23
Kort 8. Svæði 4.2. ....	23
Kort 9. Svæði 5. ....	26
Kort 10. Mest nýttu svæðin samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar. Dekkstu svæðin eru talin mest nýtt og ljósustu minnst.....	29
Kort 11. Gildi landslags svæðisins samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin hafa hæsta gildið og ljósustu minnsta gildið. ....	29
Kort 12. Gildi útsýnis samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin hafa hæsta gildið og ljósustu minnsta gildið. ....	30
Kort 13. Viðkvæmni svæða samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar. Dekkstu svæðin eru talin mjög viðkvæm og ljósustu lítið viðkvæm. ....	30
Kort 14. Númer svæða sem svarendur voru beðnir að merkja til að lýsa staðsetningu. ....	53

### 9.2 Myndir

Mynd 1. Veiðileysufjörður.....	9
Mynd 2. Reykjarfjörður, séð til austurs. ....	9
Mynd 3. Djúpavík og fossinn í Djúpuvíkurá.. ....	10
Mynd 4. Svæði 1, frá Kráká að Veiðileysuhálsi. ....	13
Mynd 5. Séð yfir hluta svæðisins frá sumarhúsinu á Veiðileysu.....	14
Mynd 6. Séð yfir svæði 2. ....	16
Mynd 7. Séð yfir svæði 2 á miðju svæðinu, horft upp á Veiðileysuhálsinn. Mynd tekin við vegstöð 5860.....	17
Mynd 8. Svæði 3. Tekið í vegstöð 5940.....	19

Mynd 9. Séð yfir hluta svæðis 4 inn Reykjarfjörð fyrir ofan vegstöð 8280. ....	21
Mynd 10. Séð yfir svæði 4 frá Djúpuvík. ....	22
Mynd 11. Svæði 5, Djúpuvík sést hægra megin á mynd. ....	25
Mynd 12. Djúpuvík, séð frá bryggju. ....	25
Mynd 13. Við enda framkvæmdarsvæðis, Djúpuvík ekki í augsýn. ....	27
Mynd 14. Séð yfir Reykjarfjörð frá Kúvíkurdal að Djúpuvík. ....	32

### 9.3 Þrívíddarmyndir

Þrívíddarmynd 1. Sýnileiki veglínu frá Veiðileysu, sami útsýnisstaður og á mynd 5. ....	16
Þrívíddarmynd 2. Séð yfir svæði 1 frá Veiðileysuhálsi, sami útsýnisstaður og á mynd 4. ....	16
Þrívíddarmynd 3. Sami útsýnisstaður og á mynd 6. ....	18
Þrívíddarmynd 4. Sami útsýnisstaður og á mynd 7. ....	18
Þrívíddarmynd 5. Útsýni um það bil frá sumarhúsi við Kúvíkur. ....	20
Þrívíddarmynd 6. Svæði 3, sami útsýnisstaður og á mynd 8. ....	21
Þrívíddarmynd 7. Sama útsýni og á mynd 9. ....	24
Þrívíddarmynd 8. Sama útsýni og á mynd 10. ....	24
Þrívíddarmynd 9. Sami útsýnisstaður og á mynd 11. ....	26
Þrívíddarmynd 10. Sama útsýni og á mynd 13. ....	27
Þrívíddarmynd 11. Sami útsýnisstaður og á mynd 14. ....	32

## Viðauki 1. Samantektir á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæðum 1 – 5.

Tafla 4. Samantekt á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæði 1.

<b>Helstu kennileiti</b>	Bæjará, Kráká, Veiðileysa, Kambur, Fýlsdalsfjall, Háfell, Nóntindar.
<b>Landslagsgerð</b>	Þröngur og jökulsorfinn fjörður sem afmarkast af háum tindóttum fjöllum. Undirlendi fremur lítið en meira inn í dalsbotninum. Mikill breytileiki í hæð innan svæðisins. Gróft landform með skörpum og ávöllum línur.
<b>Jarðefni</b>	Hamrafjöll og snarbrattar skriðuhlíðar.
<b>Gróðurfar</b>	Lítt raskað og mýrlendi er mest áberandi gróðurlendið en er svo skipt upp á milli með misvel grónum holtum. Uppi á hálsinum er gróðurþekja minni og lítt grónar klappir áberandi. Mosi og fléttur á klettabeltum.
<b>Vatn</b>	Frekar áberandi, fer eftir sjónarhorni: sjórinn í Veiðileysufirði, fallegur foss í Bæjará, Bæjará og lækir og Kráká og Krákárfoss. Einstaka lækir í dalbotninum einnig áberandi á nokkrum stöðum.
<b>Mannvist</b>	Vegur og umhverfi hans, brýr, sumarhús í Veiðileysufirði, námusvæði við Kráku, rekaviður í fjöru,
<b>Útsýni frá núv. vegi.</b>	Gott yfir Veiðileysufjörð, stundum byrgja hæðir og annað landslag útsýni yfir fjörðinn.
<b>Form</b>	Miðlungs fjölbreytileiki í formum sem myndast af gróðurfari og landslagi. Sjórinn myndar flötinn í íhvolfum firði og eru fjöllin þverhnipt og gróf. Dalurinn hulinn gróðri sem verður þá með mýkri formum, en klettur sem standa upp úr honum grófari form.
<b>Línur</b>	Áberandi láréttar og lóðréttar línur, í klettum, giljum, ám og lækjum. Núverandi vegur og aðrir minni vegir mynda einnig línu í landslagið.
<b>Áferð</b>	Mjúk áferð í botni dalsins en klettur og grjót skapa harðari áferð á landslagið inn á milli.
<b>Mynstur</b>	Mosavaxið grjót, ógróinir klettur og hjallar mynda mynstur í landslagið, en stakt grjót myndar punkta í landslagið í dalbotninum.
<b>Litbrigði</b>	Fjölbreytt litbrigði. Mýrar og graslendi ásamt mos- og mólendi skapa fjölbreytni í litum og grár og rauður litamunur í gróðursnauduðum klettum og melum.
<b>Sjóndeildahringur og lögun lands.</b>	Hálf lokaður sjóndeildahringur. Opinn til austurs en lokaður í aðrar áttir af fjallahring, umhverfis og út Veiðileysufjörð. Sýnileiki frá Veiðileysu að vegi er miðlungs.

Tafla 5. Samantekt á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæði 2.

<b>Helstu kennileiti</b>	Engin sérstök.
<b>Landslagsgerð</b>	Aflíðandi dalsbotn sem nær frá hálsinum til láglandis. Dalurinn liggur að Reykjarfirði sem afmarkast af mjúku landformi og er breytileiki í hæð innan svæðisins.
<b>Jarðefni</b>	Ekki áberandi, grjót stingst upp úr gróðri á stökum stöðum en efst á heiðinni meira áberandi klapparholt.
<b>Gróðurfar</b>	Frekar einsleitt, mólendi og votlendi, með moslendi á svæðum sem eru minna vaxin.
<b>Vatn</b>	Ekki mjög áberandi, sjórinn í Reykjarfirði þegar keyrt er niður dalinn. Búðará, á enda svæðisins.
<b>Mannvist</b>	Núverandi vegur og umhverfi hans, annars ósnortið landslag. Vörðuð gönguleið frá gatnamótum Kúvíkur um Trékyllisheiði.
<b>Útsýni frá núv. vegi.</b>	Frekar þröngur sjóndeildahringur í dalbotninum. Sést ofan í Reykjarfjörð við að keyra niður frá heiðinni og sést ofan í Veiðileysufjörð þegar keyrt er ofan af heiðinni frá Reykjarfirði.
<b>Form</b>	Minna gróin moslendissvæði mynda stóra punkta í mólendi og votlendissvæði. Fjöll hinu megin við Reykjarfjörðinn mynda þríhyrnd A form í landslagið þar sem gil og dalir mynda V laga form.
<b>Línur</b>	Núverandi vegur myndar línu í dalbotninn og moslendistoppar sums staðar línur í landslagið. Lækir og gil mynda lóðréttar línur í fjöllin hinu megin Reykjarfjarðar.
<b>Áferð</b>	Mjúk áferð dalbotnsins en einstaka grjót mynda hrjóstruga punkta í landslagið. Skarpari form hinu megin Reykjarfjarðar.
<b>Mynstur</b>	Frekar lítið mynstur á svæðinu.
<b>Litbrigði</b>	Fábreytt litbrigði en ógróið svæði á toppum mela og ógróin svæði mynda gráa bletti í annars rauð/gul/grænleitt landslagið.
<b>Sjóndeildahringur og lögun lands.</b>	Lokaður sjóndeildahringur. Dalbotn sem lokast af fjallahring. Sýnileiki frá sumarhúsi við Kúvíkur lítill.



Tafla 6. Samantekt á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæði 3.

<b>Helstu kennileiti</b>	Engin sérstök.
<b>Landslagsgerð</b>	Þröngur fjörður sem afmarkast af frekar háum fjöllum. Undirlendi á svæðinu er nokkuð. Lítil breytileiki í hæð innan svæðisins. Landform með skörpum og ávölum línnum.
<b>Jarðefni</b>	Melar og klappir og hjallar í grónu landi.
<b>Gróðurfar</b>	Votlendi með mólendi á milli og moslendisblettum á svæðum með þynnri jarðveg.
<b>Vatn</b>	Miðlungs áberandi, fer eftir sjónarhorni: Búðará og Reykjarfjörður.
<b>Mannvist</b>	Vegur og umhverfi hans, sumarhús við Reykjarfjörðinn, nokkur framræst tún í nágrenninu.
<b>Útsýni frá núv. vegi.</b>	Sæmilegt í upphafi svæðis yfir svæðið og út Reykjarfjörð, minna upp dalinn þar sem dalurinn lokar sjóndeildarhringnum.
<b>Form</b>	Grunnflöturinn íhvolfur dalbotn. Ýmis form myndast milli gróðurlausra og gróðursvæða. Gróf áferð steina og klappa sem standa upp úr landslaginu.
<b>Línur</b>	Áberandi línur í fjöllum hinu megin Reykjarfjarða og í hjöllum fyrir ofan svæðið.
<b>Áferð</b>	Gróf áferð á klapparsvæðum og hjöllum en mjúk í gróðri inn á milli.
<b>Mynstur</b>	Ágætlega fjölbreytt mynstur þar sem ógróið svæði stendur upp úr grónu.
<b>Litbrigði</b>	Miðlungs fjölbreytt. Græn, gul, grá og svört litbrigði áberandi.
<b>Sjóndeildahringur og lögun lands.</b>	Lokaður sjóndeildahringur af fjallahring í Kúvíkurdal og lokar Reykjarfjörður sjóndeildarhringnum.

Tafla 7. Samantekt á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæði 4.

<b>Helstu kennileiti</b>	Forvaðahlíð, Stekkjarvík, Gunnarshjalli.
<b>Landslagsgerð</b>	Frekar þröngur og jökulsorfinn fjörður sem afmarkast af háum tindóttum fjöllum. Undirlendi fremur lítið. Mikill breytileiki í hæð innan svæðisins. Gróft landform með skörpum og ávölum línnum.
<b>Jarðefni</b>	Klapparholt, klettur, fjara, melar, hjallar.
<b>Gróðurfar</b>	Moslendi, mólendi, votlendi.
<b>Vatn</b>	Áberandi Reykjarfjörður, Kleifará, og nokkrir lækir sem renna um svæðið.
<b>Mannvist</b>	Vegurinn og umhverfi hans, rafmagnslínur, Djúpavík í sýn.
<b>Útsýni frá núv. vegi.</b>	Ágætt á nokkrum stöðum, ekkert á öðrum, oft mjög bratt niður í fjöru.
<b>Form</b>	Brött hlíð, allskonar form í klettum og björgum.
<b>Línur</b>	Láréttar og lóðréttar í fjöllum umhverfis svæðið.
<b>Áferð</b>	Gróf og brött fjallshlíðin með klettabelti efst, skriðurunnum hlíðum og svo grófari svæði til miðju, verður svo sléttari við ströndina.
<b>Mynstur</b>	Ekki mikið áberandi, nema á stöku svæðum milli gróðurlenda og ógróna svæða.
<b>Litbrigði</b>	Blátt, grængult og grátt.
<b>Sjóndeildahringur og lögun lands.</b>	Lokaður með fjöllum en hálf opinn í austur.

Tafla 8. Samantekt á grunnþáttum og eiginleikum landslags á svæði 5.

<b>Helstu kennileiti</b>	Djúpavík, Kjós, Djúpuvíkurfoss.
<b>Landslagsgerð</b>	Frekar þröngur og jökulsorfinn fjörður sem afmarkast af háum tindóttum fjöllum. Undirlendi nokkuð.
<b>Jarðefni</b>	Melar, hólur, klapparholt, hjallar.
<b>Gróðurfar</b>	Framræst votlendi sem nú er orðið að túni, bugðupuntvist, língresis og vingulvist næst Djúpuvík en lítt gróin holt með mosamelavist og mýrardrög með brokflóavist og starungsmýravist í röskuðu votlendinum.
<b>Vatn</b>	Frekar áberandi Reykjarfjörður, Djúpuvíkurfoss gnæfir yfir Djúpuvík, lækir fyrir ofan Djúpuvík og Kjósará. Lómatjörn á svæðinu en sést ekki frá vegi.
<b>Mannvist</b>	Frekar áberandi: vegurinn og umhverfi hans, rafmagnslínur, Djúpavík, framræsing votlendis.
<b>Útsýni frá núv. vegi.</b>	Misjafnt eftir staðsetningu á vegi, gott útsýni í upphafi og á enda svæðis.
<b>Form</b>	Ekki mikið áberandi, en klettur og hjallar mynda skemmtileg form.
<b>Línur</b>	Láréttar og lóðréttar línur í fjöllum og rafmagnslínur.

---

<b>Áferð</b>	Gróf í fjalli fyrir ofan svæði en mjúk á undirlendinu.
<b>Mynstur</b>	Einsleitt á undirlendi en gróður gefur ákveðið mynstur, milli ógróna svæða og gróna.
<b>Litbrigði</b>	Frekar einsleitt, ýmist gulbrúnir, grænir, rauðir eða gráir litir.
<b>Sjóndeildahringur og lögun lands.</b>	Lokaður sjóndeildahringur. Hólótt land með holtum og hæðum.

---

## Viðauki 2. Viðmið sem notuð voru við greiningu á gildi landslags.

### Fjölbreytileiki

#### *Hátt gildi (3)*

Mikil fjölbreytni í náttúrulegu og/eða menningarsögulegu innihaldi. Fjölbreytt landform. Mismunandi yfirborðsþekja myndar margskonar mynstur. Landslag með mikið af vötnum eða fjörur og flóar með mikið af skerjum, hólum og eyjum. Ár með mörgum fossum, flúðum og lygnum hyljum.

#### *Miðlungs gildi (2)*

Landslag með miðlungs fjölbreytni og óljósari skil á milli andstæðna. Einkenni landslagsrýmis og útlínur minni. Strandlína með minni fjölbreytni og einsleitu gróðurfari.

#### *Lítið gildi (1)*

Lítill fjölbreytileiki í landformum eða gróðurfari.

### Heildstæði / samfeldni

#### *Hátt gildi (3)*

Landslag þar sem ólíkir þættir passa saman á heildstæðan máta. Opið víðsýnt landslag, grófgerðir og opnir dalir, samfelld strandsvæði, stór heildstæð svæði með einkennandi menningarlandslagi með sögulegt eða fagurfræðilegt gildi. Gróður með náttúrulegt yfirbragð (án augljósrar mannlegrar röskunar).

#### *Miðlungs gildi (2)*

Miðlungs heildstæði eða samfella í landslagi. Einstaka landslagsþættir minna áberandi. Sérstök landform ekki ráðandi.

#### *Lítið gildi (1)*

Ósamfellt landslag án einkennandi þátta og með lágt fagurfræðilegt gildi. Einstaka landslagsþættir rýra eða eyðileggja heildarmynd landslagsins. Landslag er flatt og án sérstakra opinna svæða.

### Mikilfengleiki / upplifun

#### *Hátt gildi (3)*

Landslag með sérstaka, dramatíska, eða minnisstæða eiginleika. Sterkur staðarandi – minnisstæði staðarins mikið. Miklar andstæður í landslagi s.s. milli vatns og lands. Mikilvæg kennileiti með áberandi staði eða fyrirbæri sem skera sig úr landslagsheildinni vegna sérstöðu sinnar (stök) eða hafa menningarlega þýðingu (vegna sögulegs eða menningarlegs bakgrunns). Opin svæði með áberandi sjónrænum einkennum og/eða mikilfenglegum mannvirkjum.

#### *Miðlungs gildi (2)*

Miðlungsupplifun, skil á milli landslagsforma óljós. Einstaka opin svæði með upplifunargildi.

#### *Lítið gildi (1)*

Náttúrulegt landslag er með litlum séreinkennum. Einsleit flöt og lokuð svæði, án mikils útsýnis.



### Viðauki 3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa á landslag og sjónræna þætti [22].

#### Umfang mannvirkis

##### *Óverulegt*

Stærð mannvirkis er frekar lítið, framkvæmdarþættir eru ekki margir og framkvæmdin nær yfir takmarkað svæði.

##### *Miðlungs*

Stærð mannvirkis er nokkuð, framkvæmdarþættir eru ekki margir og framkvæmdin nær yfir takmarkað svæði.

##### *Verulegt*

Stærð mannvirkis er verulegt, framkvæmdarþættir eru margir og stærð framkvæmdasvæðis er verulegt.

#### Áhrif á landslag

##### *Óverulegt*

Breytingar á landslagi eru litlar og umfang rasks einnig, breytingar eru í flestum tilvikum afturkræfar og hægt að fella mannvirkið vel að landslagi.

##### *Miðlungs*

Breytingar á landslagi eru einhverjar og umfang rasks einnig, mannvirkið hægt að fella að einkennum svæðisins með hönnun og mótvægisáðgerðum, litavali, mönum eða gróðri.

##### *Verulegt*

Breytingar á landslagi og rask fylgja mannvirkjagerðinni og eru breytingarnar óafturkræfar og ekki hægt að aðlaga það með hönnun eða mótvægisáðgerðum, ss, litavali, mönum eða gróðri.

#### Sjónræn áhrif

##### *Óverulegt*

Sýnileiki mannvirkis er lítill eða miðlungs, og ekki talið að það valdi miklum sjónrænum áhrifum. Viðkvæm svæði eru staðsett í meira en 5 km fjarlægð og mannvirkið að hluta eða öllu leiti í hvarfi frá viðkvæmum svæðum í 3 km fjarlægð. Lítil breyting á lykilorðum eða eiginleikum landslags, svo sem útsýni eða ósnortnu landslagi eða þáttum sem bættir eru við landslag og eru ekki á skjön við einkenni svæðis.

##### *Miðlungs*

Sýnileiki mannvirkis er lítill eða miðlungs en mannvirkið veldur líklega neikvæðum sjónrænum áhrifum. Óhindrað útsýni er að mannvirkinu frá stöðum í 1-3 km fjarlægð þar sem vænta má að fólk sé viðkvæmt fyrir breytingum á útsýni. Viðkvæm svæði teljast: Útivistarsvæði, gönguleiðir, svæði til náttúruskoðunar, náttúruverndarsvæði, sérstök svæði til útiveru: tjaldsvæði, áningar- eða útsýnisstaðir og þh. og sumarhúsa byggð. Hluti mannvirkisins er sýnilegur frá viðkvæmum stöðum í minna en 1 km fjarlægð en mannvirkið er að mestu í hvarfi. Minniháttar breyting á lykilorðum eða eiginleikum landslags, svo sem útsýni eða ósnortnu landslagi eða þáttum sem bættir eru við landslag og eru ekki á skjön við einkenni svæðis.

##### *Verulegt*


Sýnileiki mannvirkis mikill og möguleiki á að mannvirkið valdi neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Óhindrað útsýni er að mannvirkinu frá stöðum í minna en 1 km fjarlægð þar sem breytingar á útsýni verða og að fjöldi fólks verði fyrir áhrifum af því. Viðkvæm svæði eru talin: Útivistarsvæði, gönguleiðir, svæði til náttúruskoðunar og náttúruverndarsvæði. Sérstök svæði til útiveru eru talin: tjaldsvæði, áningar- eða útsýnisstaðir og sumarhúsa byggð. Breytingar á ósnortnu landslagi eða útsýni og/eða að þáttum er bætt við í landslagið sem eru algjörlega á skjön við einkenni svæðisins og er framkvæmdin ráðandi þáttur í sjónsviði sökum stærðar eða nálægðar.

## Viðauki 4. Viðhorfskönnun.


Viðhorfskönnun var send íbúum og sumarhúsaeigendum á framkvæmdarsvæðinu og svör þeirra. Fjöldi svara 40.

### 1. Kyn



Choice	Total
KK	21
KVK	19


### 2. Aldur



Choice	Total
20 ára eða yngri	1
21-25 ára	0
26-30 ára	1
31-35 ára	1
36-40 ára	4
41-45 ára	4
46-50 ára	3
51-55 ára	5
56-60 ára	7
61-65 ára	2
66-70 ára	5
71-75 ára	4
Eldri en 75 ára	3




## 3. Búseta á framkvæmdarsvæðinu.




## 4. Átt þú land, eða hefur umráðarétt yfir landi á framkvæmdarsvæðinu?




## 5. Hve lengi hefur þú átt heima á svæðinu?



## 6. Hve lengi hefur þú átt sumarhús á svæðinu?




## 7. Hversu vel telur þú þig þekkja framkvæmdarsvæðið og nágrenni þess?



## 8. Skoðaðu myndirnar (viðauki 5). Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifsvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar með tilliti til hversu náttúrulegt/manngert það er?

Gefnir voru upp fimm möguleikar: manngert (0), frekar manngert (1), hlutlaust (2), frekar náttúrulegt (3) og náttúrulegt (4).


Ástand lands



## 9. Skoðaðu myndirnar (viðauki 5). Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifsvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar með tilliti til hreinleika?


Gefnir voru upp fimm möguleikar: sóðalegt (0), frekar sóðalegt (1), hlutlaust (2), frekar hreint (3) og hreint (4).






10. Skoðaðu myndirnar (viðauki 5). Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar með tilliti til hljóðvistar?

Gefnir voru upp fimm möguleikar: hávært (0), frekar hávært (1), hlutlaust (2), frekar kyrrt (3) og kyrrt (4).




11. Skoðaðu myndirnar (viðauki 5). Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar með tilliti til aðgengis?

Gefnir voru upp fimm möguleikar: óaðgengilegt (0), frekar óaðgengilegt (1), hlutlaust (2), frekar aðgengilegt (3) og aðgengilegt (4).



12. Skoðaðu myndirnar (viðauki 5). Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifsvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar með tilliti til fegurðar? Gefnir voru upp fimm möguleikar: ljótt (0), frekar ljótt (1), hlutlaust (2), frekar fallett (3) og fallett (4).



13. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Merktu inn þau svæði sem þú telur að séu mest notuð.



Kort 14. Númer svæða sem svarendur voru beðnir að merkja til að lýsa staðsetningu.



Kort 10 sýnir niðurstöður spurningar.

14. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Hvaða svæði telur þú hafa mesta gildi vegna landslags?

Kort 11 sýnir niðurstöður spurningar.

15. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Hvaða svæði telur þú hafa minnsta gildi vegna landslags?

Örnefni	Svæði	Fjöldi svara	%
Undir Fílsdalsfjalli	1	9	8,7
Hádegisdalur	2	8	7,7
Ströndin í Veiðileysu	3	3	2,9
Veiðileysa	4	4	3,8
botn Veiðileysufjarðar	5	7	6,7
Illvirðishnúkur	6	11	10,6
Göngustígur upp á Trékyllisheiði	7	23	22,1
Kúvíkur	8	3	2,9
Nátthagi	9	6	5,8
Ströndin í Reykjarfirði	10	9	8,7
Djúpavík	11	5	4,8
Lyngholt	12	5	4,8
Kjós	13	7	6,7
	Annað	4	3,8

16. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Hvaða svæði telur þú hafa mesta gildi vegna útsýnis?

Kort 12 sýnir niðurstöður spurningar.

17. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Hvaða svæði telur þú hafa minnsta gildi vegna útsýnis?

Örnefni	Svæði nr.	Fjöldi svara	%
Undir fílsdalsfjalli	1	9	9,8
Hádegisdalur	2	9	9,8
Ströndin í Veiðileysu	3	5	5,4
Veiðileysa	4	5	5,4
botn Veiðileysufjarðar	5	7	7,6
Illvirðishnúkur	6	5	5,4
Göngustígur upp á Trékyllisheiði	7	11	12
Kúvíkur	8	5	5,4
Nátthagi	9	3	3,3
Ströndin í Reykjarfirði	10	8	8,7
Djúpavík	11	7	7,6
Lyngholt	12	7	7,6
Kjós	13	7	7,5
	Annað	4	4,3


18. Fyrirhugað framkvæmdasvæði skoðað (Kort 14, viðauki 5 og viðauki 6). Hvaða svæði telur þú að séu helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni?

Kort 13 sýnir niðurstöður spurningar.




19. Nú ræðum við um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd.


Framkvæmdarsvæðinu hefur verið skipt í fimm svæði (kort 2). Nú skoðum við svæði 1 (kort 3, kort 4, viðauki 6). Hversu mikil áhrif telur þú að vegaf framkvæmdir á svæði 1 hafi á ásýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar?




20. Framkvæmdarsvæðinu hefur verið skipt í fimm svæði (kort 2). Nú skoðum við svæði 2 (kort 5, viðauki 6). Hversu mikil áhrif telur þú að vegaf framkvæmdir á svæði 2 hafi á ásýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar?




Framkvæmdarsvæðinu hefur verið skipt í fimm svæði (kort 2). Nú skoðum við svæði 3 (kort 3), *viðauki 6*). Hversu mikil áhrif telur þú að vegaf framkvæmdir á svæði 3 hafi á á sýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar?



21. Framkvæmdarsvæðinu hefur verið skipt í fimm svæði (kort 2). Nú skoðum við svæði 4 (kort 7, kort 8, *viðauki 6*). Hversu mikil áhrif telur þú að vegaf framkvæmdir á svæði 4 hafi á á sýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar?




22. Framkvæmdarsvæðinu hefur verið skipt í fimm svæði (kort 2). Nú skoðum við svæði 5 (kort 9, viðauki 6). Hversu mikil áhrif telur þú að vegaf framkvæmdir á svæði 5 hafi á ásjýnd landslagsins á nærsvæði vegaf framkvæmdarinnar?




23. Telur þú líklegt að þú munir sjá veginn, skeringar hans eða fyllingar frá heimili/sumarhúsi þínu?



24. Telur þú líklegt að framkvæmdirnar munu breyta sjónrænni ásjýnd frá heimili/sumarhúsi þínu?



25. Ef svo er, telur þú þær breytingar hafi áhrif á upplifun þína af landslagi og ásýnd svæðisins frá heimili/sumarhúsi þínu?



26. Athugasemdir og ábendingar.

- Þó að vissulega sé betra aðgengi að svæðinu öllum til framdráttar þá er umhugsunarvert að ég sem landeigandi hef þurft að nálgast allar upplýsingar sjálf um fyrirhugaðar framkvæmdir, þó á að leggja veg inn á mitt landsvæði og það sem meira er þetta er í fyrsta sinn sem ég fæ einhverjar fyrirspurnir frá ykkur um það hvort ég hafi einhverja skoðun á notkun á mínu eigin landi. Þetta er til skammar.
- Vegstæðið virðist eiga að liggja fyrir Keifar, en þegar farið er inn Forvaðahlíð verpur farið yfir mjög sérkennileg jarðlög sem jarðfræðingar þurfa endilega að skoða.
- Þessi fyrirhugaða vegaf framkvæmd hefur bara jákvæð áhrif á allt og alla...



4. Vegurinn er finn ef þessi u-beygja væri ekki þarna í Veiðileysufirði. Taka veginn bara beinan og með jöfnum halla, svona u-beygjur eru alltaf djöfullegar í hálfu, snjó og ég tala nú ekki um mengunina sem verður til af óþörfu þegar menn þurfa nánast að stoppa til að ná beygjunni. Að öðru leiti lýst mér vel á þetta.
5. Farið með veginn eins langt frá sumarhúsunum í Veiðileysu og hægt er. Við viljum ekki hafa umferðanið á meðan maður [virðist vanta hluta þessarar athugasemdar].
6. Vegurinn er áætlaður of neðarlega í hálsinum í Veiðileysu. Einnig sé ég að það er áætlað að hafa tvær námur á því svæði sem er verulega eyðilegging á landinu. Þar er fyrir ein náma sem vegagerðin notaði en aldrei hefur verið gengið frá henni sómasamlega svo umhverfið beri ekki skaða af. Stór skaði að mínu mati á landinu. Einnig er farið yfir fornminjar bæði í Veiðileysu og á Kúvíkum sem ég tel fráleitt að gera.
7. Ég tel mig þekkja snjóalög á þessu svæði vel, það er gríðarleg snjósöfnun efst í Kúvíkurdalnum, tel ég og aðrir Veiðileysumenn sem ég hef talað við hafa ferðast með mér á veturna til fjölda ára bæði á jeppum og vélsleðum. Teljum við að lykkjan á hálsinum sé algjör óþarfi og líka sveigurinn efst í Kúvíkurdalnum, betra væri að fara til hægri út og niður dalinn. Ég veit að Lýður Hallbersson í Djúpuvík og fleiri sveitungar eru á sama máli.
8. Mér líst mjög vel á þetta allt saman vona að byrjað verði sem fyrst.
9. Mér finnst framkvæmdirnar þarfar með tillit til íbúa svæðisins, bæði þá sem hafa fasta búsetu og ekki. Það eina sem ég set spurningarmerki við eru sérstaklega framkvæmdir í kringum Bæjarfoss í Veiðileysu, að það eyðileggi ekki ásýnd né raski honum svo að varanlegt tjón sé af. Annars vegar veglínan frá Kúvíkum að Djúpuvík að vegurinn eyðileggi ekki strandlínuna eða hætta sé að fá grjót yfir veginn eða umferð. . . en það er heldur engin þryði af gamla vegstæðinu svo að þetta er sjálfsagt skásti kosturinn til að halda vegsamgöngum opnum.
10. Nauðsynlegar framkvæmdir þrátt fyrir neikvæð áhrif á landslag.
11. Held að það sé sama hvað verið gert. Við sem erum fædd og uppalin á þessu svæði viljum hafa það ósnert en ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt. Tímenn er ekki hægt að stöðva. Gott að þetta er komið af stað.
12. Fagna gerð nýs vegar en vona að vinnubrögð verði vönduð og í sátt og samlyndi við dýrmæta ósnortnu náttúruna.
13. Þó það verði mikil röskun á landslagi vill ég samt bæta samgöngur í sveitina.
14. Vegurinn er jákvæður fyrir mig og mína þar sem hann auðveldar okkur aðgengi að húsnæði okkar.

## Viðauki 5. Myndir í viðhorfskönnun.

### Veiðileysufjörður





Kúvíkurdalur



Reykjarfjörður







### Djúpavík og Kjós










## Viðauki 6. Myndir af svæðum í viðhorfskönnun.

### Svæði 1






Svæði 2









Svæði 3











Svæði 4








Svæði 5




Yfirlitsmynd yfir svæði 3, 4 og 5





# Viðauki 7.



- Ný veglína
- Núverandi vegur
- Mannvirki

### Sýnileiki nýrrar veglínur



Heimildir: IslandsDEM v0, ISS0v, Vegagerðin  
Hnitakerfi: ISN93  
Verknúmer: 1.581.210  
Höfundur: SDS  
Síðast vistað: 23.11.2020  
Síðast útgæfið: 24.11.2020  
Skrá: Sýnileikagreining Strandavegur.aprx

Strandavegur (643)  
um Veidileysuháls  
Sýnileikagreining

